ÖSSUR

*Fá verðlaun fyrir ökkla sem hugsar*

• Græjur • Ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




MAGNÚS SCHEVING

*Leikprufur í London*

Leitað að nýjum Íþróttaálfi fyrir leiksýningu

FÓLK 34



ÖRVAR Í MÚM

*Skrifar framhaldssögu um fótbolta*

Sagan um drykkfelldan Vestur-Þjóðverja

FÓLK 34



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. júlí 2007 — 177. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR



### Rokkabillí og brimbretti

Ný herralína Alexanders McQueen er töff blanda af rokkabillí og brettastíl.

TÍSKA 26

### Aftur til kærustunnar



Vilhjálmur Bretaprins hefur haldið sambandi sínu og Kate Middleton leyndu síðustu þrjá mánuði.

FÓLK 29

### Karókí og hvalaskoðun

Flóabáturinn Baldur hefur fengið nýtt hlutverk en honum hefur verið breytt í veitingastað og karókíbar.

TÍMAMÓT 16

### Enn undir feldi



Alfreð Gíslason mun ekki svara HSÍ fyrr en í lok mánaðarins hvort hann þjálfi landsliðið áfram.

ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA BJART** Í dag verða norðaustan 5-10 m/s við suðausturströndina, annars hægviðri eða hafgola. Skýjað og dálítil væta suðaustan og austan til, annars yfirleitt bjart veður. Hiti 12-20 stig, hlýjast til landsins á Suður- og Vesturlandi.

VEÐUR 4






**HEYJAÐ Í BLÍÐUNNI** Heyskapur stendur nú sem hæst í sveitum landsins og víða eru bændur langt komnir með fyrri slátt. Það hefur viðrað vel til heyskapar og helst að þurrkar hamli sprettu. Hestamenn voru við heyskap að Ökrum í Mosfellsdal þegar ljósmyndara bar þar að garði í gær og heyjuðu í bagga upp á gamla mátann. Bjarni Ásgeirsson tók þar til hendinni ásamt dóttur sinni Sóleyju og vinkonu hennar Ísabellu Arnardóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Helmingur krabbameinstilfella skýrður

**Uppgötvanir Íslenskrar erfðagreiningar skýra helming tilfella blöðruhálskirtilskrabbameins. Tvær nýjar rannsóknir fyrirtækisins voru kynntar í gær.**

**VÍSINDI** „Til viðbótar við þær uppgötvanir sem við kynnum núna eru ótrúlegir hlutir að koma út úr okkar rannsóknum. Á næstu misserum verða kynntar rannsóknir sem eru geysilega spennandi, sumar praktískar en aðrar dálítið ógnvekjandi“, segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE).

Fyrirtækið og samstarfsaðilar, kynntu í gær tvær aðskildar rannsóknir sem hafa annars vegar leitt til uppgötvana á erfðaþáttum sem auka áhættu á gáttatifi, sem er algeng orsök heilablóðfalls. Hins vegar hefur fyrirtækið uppgötvað erfðabreytileika sem tengjast auknum líkum á blöðruhálskirtils krabbameini.

Greiningarpróf sem byggt er á uppgötvun erfðabreytileika sem auka hættu á gáttatifi var sett á markað í gær. Greiningarpróf byggt á rannsóknum ÍE á krabbameini í blöðruhálskirtli kemur á markað innan fárra mánaða. Krabbameinið er eitt helsta heilbrigðisvandamál Vesturlanda og veldur fleiri dauðsföllum meðal karla en nokkuð annað krabbamein, að lungnakrabbameini undanskildu. ÍE greindi frá því árið 2006 að fundist hefði mikilvægur áhættuþáttur. Sú uppgötvun var mjög mikilvæg frá læknisfræðilegu sjónarmiði vegna þess að helstu þekktu áhættuþættirnir voru þá aldur, fjölskyldusaga og kynþáttur. Uppgötvun ÍE nú tengist tveimur nýjum breytileikum á öðrum litningi sem auka líkur á þessu skæða krabbameini.

„Fyrri uppgötvanir okkar fjölluðu um erfðavísa í litningi 8 sem auka líkur á þessu krabbameini“, segir Kári. „Nú erum við búin að finna tvo aðra erfðavísa í litningi 17. Þegar þetta er lagt saman þá erum við komin með erfðabreytileika sem skýra í kringum helminginn af öllum tilfellum krabbameins í blöðruhálskirtli. Það er býsna gaman að segja frá því. Einnig að við erum að vinna greiningartæki sem ég reikna með að verði komið á markað í lok þessa árs.“

- shá / sjá síðu 4

Stórslysalaus ferðahelgi að baki:

# Lítið um óhöpp

**FERÐALÖG** Margir lögðu land undir fót um helgina og erilsamt var hjá lögreglu um land allt. Helgin gekk þó stórslysalaust fyrir sig.

Þung umferð var í nágrenni höfuðborgarinnar, á Suður- og Vesturlandsvegi, seinni partinn í gær en ekki mynduðust langar bílaraðir. Þá var að sögn lögreglu lítið um hraðakstur og engin alvarleg umferðarslys urðu.

Nokkrar bæjarhátíðir voru haldnar um helgina og þar fór allt vel fram. Ein líkamsárás kom til kasta lögreglu á Humarhátíð á Höfn í Hornafirði og er hún í rannsókn.

- þo

Afar lítill rekaviður hefur fundist í fjörum landsins undanfarin ár:

# Einungis tug drumba rekið á fjöru

**VIÐSKIPTI** Skortur hefur verið á rekaviði undanfarin ár og er mjög farið að ganga á áður myndarlegar birgðir margra rekaviðarhöndlara. Sigursteinn Sveinbjörnsson í Litlu-Árvík á Ströndum segist finna mikið fyrir rekaviðarskortinum, þótt ekki hafi hann hækkað verðið í þurrðinni.

„Það hefur ekki nema um tíu drumba rekið á fjöru hjá mér í vetur, miðað við nokkur hundruð á sama tíma þegar mest lét. Svona hefur þetta verið undanfarin ár,“ segir Sigursteinn.

En græðgin heltekur ekki Sigurstein þegar lítið rekur. „Ég hef selt unninn fermetra af lerki á 2.000 til 2.500 krónur og furuna á tólf til fimmtán hundruð. Maður hefur nú ekkert hækkað það þótt lítið sé til.“ Sigursteinn segist ekki viss um hvað valdi sveiflum sem þessum. „Ætli þeir séu ekki bara farnir að passa sig á að missa minna,“ segir hann og á við síberísku timburflutningamennina sem þakka má stærstan hluta þeirra drumba sem rekur á Íslandsstrendur.

Hann segist hafa safnað góðum birgðum í gegnum árin, en þær séu óðum að ganga til þurrðar.

- sh

Pioneer ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN



4x50W Mosfet magnari · Útvarp D4Q · 24 stöðva minni FM/MW/LW
3 banda tónjafnari · CD/MP3/WMA · EEQ forstilltur tónjafnari

DEH-2900MP
19.900.-
FRÍ ÍSETNING

ORMSSON
ELLEFU VERSALNIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

KVIKA

DELTALIGHT



Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

## SPURNING DAGSINS



*Júlíus, er eitthvað fleira í spilunum?*

„Það er aldrei að vita. Útspil borgarstjóra kom á óvart.“

Borgarstjóri er hlynntur því að stofnuð verði göngudeild fyrir spilafíkla. Júlíus Þór Júlíusson er formaður samtaka áhugafólks um spilafíkn.

Sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar vilja hefta útbreiðslu skógarkerfils:

# Skógarkerfill breiðir úr sér

**NÁTTÚRA** Skógarkerfill hefur breitt verulega úr sér hér á landi undanfarið og hefur meðal annars lagt undir sig stórar breiður við Mógilsá. Sigurður H. Magnússon, gróðurvistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, vill að gripið verði til aðgerða til að hefta dreifingu plöntunnar.

„Við hér á Náttúrufræðistofnun teljum að það þurfi að stemma stigu við þessari þróun og koma í veg fyrir að kerfillinn breiðist verulega út,“ segir Sigurður.

Skógarkerfill var fluttur hingað til lands snemma á síðustu öld og ræktaður sem skrautjurt í görðum. Hann hefur breitt mikið úr sér, einkum í Eyjafirði og á höfuðborgarsvæðinu en einnig á Suðurlandi og Vestfjörðum. Plantan er ágeng og kæfir annan gróður.

„Skógarkerfillinn myndar stórar breiður sem mörgum þykja fallegar. Aðrar plöntur eiga erfitt uppdráttar þar sem skógarkerfillinn breiðir úr sér svo gróðurfar verður einsleitara,“ segir Sigurður. Hann segir besta ráðið í baráttunni við kerfilinn að hindra að hann berist á ný svæði og stinga upp nýjar plöntur. „Erlendis hafa menn náð að halda honum niðri og eyða með endurteknum slætti. Hann vex einkum í frjósömum jarðvegi og við ár og læki svo það getur verið varasamt að nota varnarefni til að eyða honum,“ segir Sigurður. - þo



**SKÓGARKERFILSBREIÐUR VIÐ MÓGILSÁ** Víða hefur kerfillinn breitt úr sér og myndar þá stórar hvítar breiður. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Unglingaóspektir í Fljótshlíð:

# Gerðu aðsúg að umsjónarmanni

**LÖGREGLUMÁL Hópur unglinga var rekinn af tjaldsvæðinu á Hellishólum í Fljótshlíð á laugardag eftir ólæti og ölvun.**

**Rúmlega fimmtíu ungmenni höfðu tjaldað á Hellishólum og þegar leið á föstudagskvöldið fór að bera á mikilli ölvun. Til slagsmála kom og einn unglinganna keyrði drukkinn út í á. Umsjónarmaður tjaldsvæðisins reyndi að skakka leikinn en þá réðust ungmennin á hann. Hann slasaðist ekki í árásinni.**

**Lögreglan á Hvolsvelli var kölluð á staðinn og var ungmennunum gert að yfirgefa tjaldsvæðið um leið og rynni af þeim.** - þo

Bifhjólamaður í Grindavík:

# Réttindalaus á ofsahraða

**LÖGREGLUMÁL** Bifhjólamaður var stöðvaður fyrir ofsaakstur innanbæjar í Grindavík aðfaranótt sunnudags. Maðurinn ók á 133 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 50 kílómetrar á klukkustund.

Maðurinn á von á hárri sekt því auk þess að aka allt of hratt kom í ljós að hann hafði ekki bifhjólaréttindi. Hann þarf því að greiða um 130 þúsund krónur í sekt og missir að líkindum ökuréttindi sín í þrjá mánuði.

Þá var erlendur ferðamaður stöðvaður á Reykjanesbraut í gærmorgun. Sá ók á 137 kílómetra hraða og yfirgefur því landið með 90 þúsund króna sekt í farangrinum. - þo

Nauðlending í Keflavík:

# Breiðþota lenti á einum hreyfli

**SAMGÖNGUMÁL Boeing 767 breiðþota frá bandaríska flugfélaginu Delta nauðlenti á Keflavíkurflugvelli í gær. Vélin var á leið frá Þýskalandi til Bandaríkjanna með 225 farþega. Hún missti afl á öðrum hreyflinum þegar hún var nálægt Íslandi og því var tekin ákvörðun um að lenda henni í Keflavík. Þar lenti hún um hálfþrjú á einum hreyfli.**

**Önnur vél frá Delta átti að koma til Keflavíkur í gærkvöldi til að sækja farþegana og var þeim boðið í skoðunarferð í Bláa lónið á meðan á biðinni stóð.** - þeb

## DANMÖRK

### Tíu ára stúlku vísað úr landi

Yfirvöld í Danmörku ætla að vísa tíu ára kínverskri stúlku úr landi eftir níu mánaða dvöl. Móðir stúlkunnar hefur búið í Danmörku í sex ár en stúlkan á engan samastað í Kína. Hert var á dönsku innflytjendalögunum árið 2004.

# Fimm handtökur í hryðjuverkarannsókn

**Breska lögreglan handtók í gær fimmta manninn í tengslum við rannsóknina á tilraununum til hryðjuverka í Glasgow og Lundúnum. Sterkar vísbendingar sagðar um tengsl á milli þeirra. Hæsta viðbúnaðarstig vegna hryðjuverkahættu í gildi.**

**BRETLAND, AP** Breska lögreglan gerði húsleit í byggingum í grennd við Glasgow í Skotlandi og á Mið-Englandi í gær og tóku fimmta manninn fastan í leitinni að þeim sem grunaðir eru um að hafa tengst bíl-árásinni á flugstöð Glasgow-flugvallar og bílsprengjutilræðin sem koma tókst í veg fyrir í Lundúnum. Einni af flugstöðvarbyggingum Heathrow-flugvallar var lokað í gærkvöld vegna grunsamlegs pakka sem þar fannst.

Hryðjuverkaógnin sem Bretar standa frammi fyrir er „langvarandi og stöðug,“ sagði Gordon Brown forsætisráðherra í sjónvarpsávarpi til þjóðarinnar. Það er ljóst, sagði hann, að „við erum, almennt séð, að fást við fólk sem tengist al-Kaída.“

Á föstudag tókst lögreglu að hindra samræmd sprengjutilræði í miðborg Lundúna, þegar sjúkraflutningamenn urðu varir við reyk koma frá Mercedes Benz-bifreið sem lagt hafði verið fyrir utan fjölsóttan næturklúbb. Í ljós kom að bíllinn var hlaðinn sprengiefni. Fáeinum stundum síðar fannst annar Benz fylltur sams konar sprengiefni.

Og á laugardag óku tveir menn Cherokee-jeppabifreið í ljósum logum á inngang flugstövarbyggingarinnar á Glasgow-flugvelli.

Peter Clarke, yfirmaður hryðjuverkavarnadeildar bresku rannsóknarlögreglunnar Scotland Yard, sagði í gær að æ skýrari tengsl væru að koma í ljós milli árásarinnar í Glasgow og sprengjubílanna í Lundúnum. Lögreglan hefði nú þegar orðið margs vísari um þá sem hlut hefðu átt að máli.

Hann sagði hins vegar að það gæti tekið margar vikur að safna sönnunargögnum úr öryggismyndavélum.

Viðbúnaðarstig vegna hryðjuverkahættu var hækkað í efsta stig í Bretlandi í gær.

Jacqui Smith innanríkisráðherra sagði eftir fund með æðstu mönnum öryggismála í landinu að þjóðin myndi ekki láta hryðjuverkamenn beygja sig. Hún hvatti almenning til að vera á varðbergi.

Mennirnir tveir úr árásinni í Glasgow voru í haldi lögreglu, annar þeirra með alvarleg brunasár á sjúkrahúsi.

Götu við sjúkrahúsið var lokað í gær á meðan lögregla sprengdi grunsamlega bifreið. Engin sprengiefni fundust þó. auðunn@frettabladid.is



**FRÁ VETTVANGI Í GLASGOW** Rannsóknarlögreglumenn á vettvangi í gær þar sem jeppa í ljósum logum var ekið á innganginn að flugstöð Glasgow-flugvallar í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





**MÓTMÆLI** Þetta fólk reyndi að nálgast fundarstaðinn í Kennebunkport til að hafa í frammi mótmæli gegn stefnu beggja leiðtoga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogafundur í Maine:

# Forsetar rækta vinskapinn

**BANDARÍKIN, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti kom í gærkvöld til Kennebunkport í Maine, þar sem hann hitti George W. Bush Bandaríkjaforseta í sumarhúsi í eigu George Bush eldri. Vonir stóðu til að hið nána andrúmsloft sem fundarstaðurinn skapaði auðveldaði leiðtogunum að leysa úr þeim vaxandi ágreiningi sem orðið hefur vart við á milli ríkisstjórna beggja landa á síðustu mánuðum og misserum.

Við brottförina frá Moskvu gat Pútín þess hve „vinsamleg“ persónuleg tengsl sín væru við Bush, og það ætti að lofa góðu um að fundurinn yrði árangursríkur. - aa

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fíkniefni í þremur bílum

Fíkniefni fundust við leit í þremur bifreiðum á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Ökumenn bifreiðanna voru grunaðir um lyfjaakstur og í kjölfarið var leitað í bílum þeirra. Um neyslueiningar var að ræða í öll skiptin.

### Eldur í rusli við leikskóla

Kveikt var í ruslatunnu við leikskólann Brákarborg í Reykjavík aðfaranótt sunnudags. Greiðlega gekk að slökkva eldinn og ekki var hætta á ferðum.

BÍLL DAGSINS
NISSAN MURANO
Nýskr. 12.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 24 þús. km.





Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.

Brandur Þorgrímsson ætlar framvegis að leiða hjólið yfir brúna við Laxárvirkjun:

# Hélt ég hlyti að vera dauður

**SLYS** „Fyrsta hugsun mín, þegar ég fór þarna fram af, var sú að nú hlyti ég að vera dauður. Þegar ég lenti í gilinu og áttaði mig á því að ég var á lífi byrjaði ég á því að rífa af mér bakpokann og leita að símanum mínum. Þá kom í ljós að síminn var dauður og þá fór ég að verða svolítið hræddur um að ég ætti eftir að deyja löngum og kvalarfullum dauðdaga því enginn myndi finna mig,“ segir Brandur Þorgrímsson, sextán ára Aðaldælingur sem steyptist á reiðhjólinu sínu 11 metra fram af brúnni við Laxárvirkjun á föstudag.

Brandur lá í gilinu í nokkurn tíma og bisaði við að koma símanum í lag. Þegar það tókst hringdi hann í móður sína sem hringdi á sjúkrabíl og lét starfsmenn virkjunarinnar vita.

„Ég er afar þakklátur öllum þeim sem hjálpuðu mér. Ég slapp líka ótrúlega vel. Ég er bólginn allsstaðar á líkamanum en braut engin bein nema í olnboga og þumli,“ segir Brandur sem telur jafnvel að æðri máttarvöld hafi gripið í taumana og komið símanum í lag. „Síminn minn var í raun ónýtur þegar ég lenti í gilinu en mér tókst samt að hringja þetta eina símtal. Hann dó aftur strax eftir það og það hefur ekki kviknað á honum síðan,“ segir Brandur.



**HEPPINN AÐ VERA Á LÍFI** Brandur hrapaði 11 metra ofan í gilið og lenti hálfur úti í ánni eftir að hafa oltið niður kletta. Hann slapp furðu vel og er lítið meiddur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

Brandur vonast til að geta mætt aftur til vinnu sinnar í Laxárvirkjun fljótlega en segist ætla að leiða hjólið yfir brúna framvegis. - þo

# Chevrolet **Captiva**

**Meiri búnaður** – bakkskynjari, akstурstölva, loftkæling o.fl., o.fl.
**Meiri kraftur** – 16 ventla túrbó dísilvél með 320 Nm
**Meira rými** – 7 manna sportjeppi fyrir alla fjölskylduna



Chevrolet **Captiva**
7 manna sportjeppinn sem tekið er eftir

## Hlaðinn staðalbúnaði

- Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
- ESP stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- Hraðastillir (cruise control), stjórnað í stýri
- Nálgunarvörn
- 18" álfelgur
- Akstурstölva
- ARP veltivörn
- TOD sjálfvirk drifstýring
- DCS eykur öryggi niður brekkur
- Tölvustýrð spólvörn
- LRS heldur hæð við hleðslu
- Og margt fleira

DYNAMO REYKJAVIK

Captiva

## Áberandi glæsilegur

Chevrolet **Captiva** er sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. **Kraftmikil túrbó dísilvél** með 5 þrepa sjálfskiptingu.
Þú getur valið **um 5 eða 7 manna bíl** og því fer vel um alla fjölskylduna. Chevrolet er á Tangarhöfðanum og við tökum vel á móti þér.

Bílabúð Benna | Tangarhöfða 8-12 | Sími 590 2000 | www.benni.is | Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

**Umboðsmenn**: Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala Austurlands, Egilsstöðum

CHEVROLET

## GENGIÐ 29.06.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,09 | 62,39 |
| Sterlingspund | 124,48 | 125,08 |
| Evra | 83,79 | 84,25 |
| Dönsk króna | 11,256 | 11,322 |
| Norsk króna | 10,504 | 10,566 |
| Sænsk króna | 9,055 | 9,109 |
| Japanskt jen | 0,503 | 0,506 |
| SDR | 94,05 | 94,61 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
114,0066

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hugmyndir eru uppi um að fá Hafrannsóknastofnun flutta á Vestfirði:

# Allt sem til þarf á Ísafirði

**ÍSAFJÖRÐUR** Fram hafa komið tillögur um að fá Hafrannsóknastofnun flutta til Ísafjarðar, að sögn Sigurðar Péturssonar bæjarfulltrúa. Hann segir að ekki sé um að ræða formlegar tillögur heldur aðeins hluta þeirra hugmynda sem fram hafi komið til þess að efla starfsemi á Vestfjörðum.

„Við höfum líka alla nauðsynlega þjónustu hér: vélsmiðjur og skipaþjónustu og auk þess höfum við sjómennina,“ segir Sigurður. „Umræður hafa verið um að efla rannsóknir og háskólastarfsemi. Hér væri hægt að koma á fót rannsóknamiðstöð í tengslum við háskóla í sjávarútvegsfræðum sem gæti verið mótvægi við eða starfað sem deild undir stofnuninni.“

Halldór Halldórsson bæjarstjóri á Ísafirði segir hluta Hafrannsóknastofnunar nú þegar vera á Ísafirði. „Nú er líka verið að stækka og byggja upp miðstöð veiðarfærarannsókna þar.“

Halldór segist telja heppilegra að byggja upp nýjar einingar og ráða nýtt fólk en að rífa eitthvað upp með rótum. Hann segir þó að ef ákvörðun yrði tekin um að flytja stofnanir eins og Hafrannsóknastofnun frá Reykjavík myndi bærinn vilja fá þær. **- þeb**



**ÍSAFJÖRÐUR** Vilji er fyrir því í bænum að fá Hafrannsóknastofnun flutta þangað.

Palestínskt skattfé greitt út:

# Ætlað að styrkja völd Abbas

**PALESTÍNA, AP Tugþúsundir palestínskra ríkisstarfsmanna munu í þessari viku fá í fyrsta sinn í meira en ár greidd út full laun sín, eftir að ísraelsk yfirvöld afhentu bráðabirgðastjórn Mahmouds Abbas, forseta Palestínumanna, út palestínskt skattfé sem hafði verið fryst.**

**Þetta fé hafa ísraelsk yfirvöld innheimt fyrir hönd palestínskra yfirvalda en neitað að afhenda palestínsku stjórninni sem Hamas-samtökin fóru fyrir. Andvirði nærri 7,5 milljarða króna voru millifærðar í gær og palestínskir embættismenn staðfestu það. - aa**

Þjóðarpúls Gallup:

# Meirihlutinn styður stjórnina

**STJÓRNMÁL Ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar nýtur stuðnings 83 prósenta þjóðarinnar samkvæmt þjóðarpúlsi Gallup. Almennt er fólk ánægðara með ráðherraval Samfylkingar en Sjálfstæðisflokks. Þannig segjast fimmtíu prósent aðspurðra vera ánægðir með ráðherraval Samfylkingarinnar en 41 prósent við ráðherraval Sjálfstæðisflokksins.**

**Fylgi flokkanna breytist lítið frá síðustu mælingu. - þo**



**LAGT ÚR VÖR** „Haffolinn frá Glendalough“ kvaddur í Hróarskelduhöfn í gær.
LJÓSMYND/VÍKINGASKIPASAFNIÐ Í HRÓARSKELDU

Á langskipi til Dyflinnar:

# Siglt í kjölfar forfeðranna

**DANMÖRK, AP** Síðdegis í gær lagði „Haffolinn frá Glendalough“, 30 metra langskip sem er nákvæm eftirgerð slíks skips frá 11. öld sem fannst í Hróarskeldufirði, af stað frá Hróarskeldu áleiðis til Dyflinnar. Um borð er 65 manna áhöfn af ýmsu þjóðerni.

„Víkingarnir eru að koma aftur. Verið viðbúnir,“ hrópaði danski skipstjórinn, Carsten Hvid, til mannfjöldans sem fylgdist með skipinu láta úr höfn. „Þið verðið mjög velkomnir í Dyflinni í þetta sinn,“ svaraði Dick Roche, umhverfisráðherra Írlands. Írska höfuðborgin var stofnuð af víkingum á 9. öld. Áætluð koma skipsins þangað er 14. ágúst. **- aa**

# Greiningarprófið með mikið forspárgildi

**Íslensk erfðagreining kynnti í gær niðurstöður tveggja nýrra rannsókna. Uppgötvaðir hafa verið erfðaþættir sem auka áhættu á blöðruhálskirtilskrabbameini og gáttatifi, sem er algeng orsök heilablóðfalls.**

**VÍSINDI** „Það sem er mikilvægt við að greina þennan erfðabreytileika er að gáttatif býr í mörgum tilfellum að baki heilablóðfalli. Heilablóðfall er algengasta ástæða fötlunar í okkar samfélagi og því afar mikilvægt að geta fyrirbyggt það. Til þess verðum við að vita hverjir eru í áhættu“, segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE). Fyrirtækið hefur safnað miklu af gögnum sem sýna að nýtt greiningarpróf fyrirtækisins, sem sett var á markað í gær, hefur forspárgildi um það hverjir fá heilablóðfall.

Stutt er síðan ÍE kynnti jákvæðar niðurstöður í þróun hjartalyfs. Spurður um stöðu fyrirtækisins með hliðsjón af fjölda birtinga á niðurstöðum rannsókna og árangurs í þróun lyfja og greiningarprófa, segir Kári að starfið gangi vel. „Ég held við séum staðsett þar sem búast hefði mátt við þegar þessi ferð hófst. Mér finnst þó að okkur hafi miðað ýfið betur áfram en ég hefði reiknað með. Við erum komin með tvö greiningarpróf á markað núna og stefnum á að verða komin með þrjú, jafnvel fjögur slík próf til viðbótar á markað fyrir áramót.“ Kári segir fyrirtækið hafi verið stofnað til að vinna að mannerfðafræði á Íslandi með það fyrir augum að þróa lyf og greiningartæki. „Erfðafræðin hefur gengið mjög vel og ekki síst að undanförnu. Við höfum verið að einangra mikið af erfðavísum í hinum ýmsu sjúkdómum og það verður framhald á því. Þeirri vitneskju hefur okkur tekist að nýta til að búa til greiningartæki og það sem vinnst er að fyrirbyggjandi aðgerðir verða árangursríkari.“

Það sem er athyglisvert varðandi uppgötvun ÍE á erfðabreytileika sem tengist auknum líkum á blöðruhálskirtilskrabbameini er að sami breytileiki minnkar líkur á að einstaklingur fái áunna sykursýki. „Þessi breytileiki ver þig á annan bóginn, en vegur að þér á hinn“, segir Kári. Faraldsfræðilegar rannsóknir hafa áður gefið til kynna að sjúklingar með þessa tegund krabbameins fái síður áunna sykursýki. Er þetta í fyrsta sinn sem niðurstöður erfðafræðilegra rannsókna styðja þetta samband á milli sjúkdómanna tveggja.

Emil Lárus Sigurðsson, yfirlæknir í Hafnarfirði, hefur rannsakað gáttatif og meðhöndlað sjúklinga sem haldnir eru sjúkdómnum. „Þetta er mjög áhugavert. Vandamálið er stórt og þörfin fyrir próf sem þetta er vissulega fyrir hendi svo þetta eru góðar fréttir.“ **svavar@frettabladid.is**

## TVÆR ÁRANGURSRÍKAR RANNSÓKNIR

- Grein eftir vísindamenn ÍE og samstarfsaðila birtist í gær í hinu virta vísindatímariti Nature. Þar lýsa þeir niðurstöðum rannsóknar sem er sú fyrsta sem leiðir til uppgötvunar algengra erfðaþátta sem auka áhættu á gáttatifi.
- Erfðabreytileikarnir fundust þegar meira en 300.000 breytileikar í erfðamenginu voru skoðaðir í meira en 550 sjúklingum með gáttatif og/eða gáttaflökt. Niðurstöðurnar voru staðfestar með frekari rannsóknum á yfir 3.000 sjúklingum frá Íslandi, Bandaríkjunum og Svíþjóð.
- Vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar og samstarfsaðilar birtu einnig í gær niðurstöður rannsóknar sem leiddi til uppgötvunar tveggja nýrra algengra erfðabreytileika á litningi 17 sem auka áhættu á blöðruhálskirtilskrabbameini. Annar erfðabreytileikinn tengist einnig minnkaðri áhættu á áunninni sykursýki.
- Rannsóknin byggir á greiningu á erfðaefni um það bil 3.500 sjúklinga og rúmlega 14.000 heilbrigðra einstaklinga, meðal annars frá Íslandi, Spáni, Hollandi og Bandaríkjunum. Niðurstöður rannsóknarinnar birtast í netútgáfu tímaritsins Nature Genetics og munu birtast í ágústhefti prentútgáfunnar.



**Í RANNSÓKNASTOFUNNI** Vísindamenn ÍE kynntu í gær nýjar uppgötvanir sem auka við þekkingu á illvígum sjúkdómum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**MÓTMÆLI** Þúsundir Ísraela mótmæltu dómsáttinni í Tel Aviv um helgina.

Mál fyrrverandi Ísraelsforseta:

# Hörð viðbrögð við dómsátt

**ÍSRAEL, AP** Dómsátt sem gera á fyrrverandi forseta Ísraels kleift að komast hjá nauðgunarákæru og hugsanlegum fangelsisdómi hefur vakið upp hörð og óvænt viðbrögð í Ísrael.

Dómsáttin milli saksóknara og Moshe Katsav, sem lét af embætti forseta í gær, gengur út á að aðeins verði réttað yfir honum fyrir veigaminni brot en nauðgun og hann yrði aðeins dæmdur í skilorðsbundið fangelsi.

Fyrst þegar ríkissaksóknari bar ákærurnar fram í janúar náði hún yfir brot sem varða allt að 20 ára fangelsi.

Fjölmenn mótmæli voru vegna málsins í Tel Aviv um helgina. **- aa**

## SÚÐAVÍK

### Leikskólinn heitir Kofrasel

Leikskólinn á Súðavík fékk nýtt nafn við hátíðlega athöfn á föstudag. Valið var úr 56 tillögum bæjarbúa og varð nafnið Kofrasel hlutskarpast. Við athöfnina var meðal annars sungið við undirspil Mugisons og Rúnu Esradóttur.

## SKOTLAND

### Icelandair fyrstir burt

Flugvél Icelandair var fyrsta vélin sem flaug frá flugvellinum í Glasgow í gær. Vellinum var lokað á laugardag vegna hryðjuverkaárásar og var aðeins hluti hans opnaður á ný í gær.


Ein vinsælasta áhorfendaíþróttin

Strandblak

laugardaginn 7. júlí kl. 14

Velkomin á Landsmót
- frábær fjölskylduhátíð fyrir alla

http://landsmot.kopavogur.is

LANDSMÓTUMFÍ
KÓPAVOGI 5.–8.JÚLÍ


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**SÍST SUÐAUSTAN TIL**

Veðurhorfur dagsins eru allgóðar. Við suðausturströndina er að sjá heldur vaxandi vind eftir því sem líður á daginn og þá einkum út til stranda. Annars staðar er hægviðri eða hafgola sem reyndar getur orðið nokkuð stíf. Búast má við björtu veðri all víða í dag, síst þó reyndar suðaustan og austan til. Næstu daga má svo áfram búast við 20°C eða meira til landsins sunnan og vestan.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Hægviðri eða hafgola. Bjart með köflum. Hiti 12-16 stig í dag.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C skúrir | London | 20°C skúrir | Friedrichshafen | 20°C rigning |
| Billund | 19°C skúrir | París | 20°C skúrir | Basel | 20°C rigning |
| Osló | 20°C skúrir | Eindhoven | 20°C rigning | Alicante | 30°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 21°C skúrir | Frankfurt | 20°C skúrir | Algarve | 28°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 22°C skúrir | Berlín | 22°C rigning | Las Palmas | 25°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# Ferðalán BYRS

- Hagstætt lán
- Lán til allt að 4 ára
- Lán allt að 500.000 kr.
- Afsláttur af lántökugjaldi fyrir aðila sem eru í Vildarþjónustu BYRS

ATH! Þú þarft ekki að vera í viðskiptum við BYR til að fá hagstæð ferðalán.

BYR SPARISJÓÐUR

*ATH! Útlán eru háð lánareglum BYRS - sparisjóðs.

BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

DYNAMO REYKJAVÍK

## KJÖRKASSINN



*Eru sektir vegna umferðarlagabrota orðnar of háar?*

| | |
|---|---|
| Já | 28,4 % |
| Nei | 71,6 % |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætti að stofna göngudeild fyrir spilafíkla?*

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Baráttufólk fyrir verndun Þjórsár kom saman á mótmælafundi sem haldinn var í gær:

# Ekkert einkamál Flóamanna

**UMHVERFISMÁL** „Þetta var bara mjög vel heppnaður fundur,“ segir Valgerður Halldórsdóttir, einn gesta á baráttufundi til verndar Þjórsár. Það voru náttúruunnendur og áhugafólk um verndun Urriðafoss sem stóðu fyrir fundinum sem fór fram í gær. Markmiðið með fundinum var að styðja baráttu gegn því að sveitarstjórn Flóahrepps veiti leyfi til að virkja á svæðinu.

Að sögn Valgerðar eru allir þeir sem stóðu að fundinum heimamenn. „Það var heimafólk sem flutti ávörp og talaði. Einnig voru flutt ljóð heimamanna og svo framvegis.“

Valgerður segist telja að um 100 til 200 manns hafi verið á fundinum, bæði heimafólk og aðrir gestir. Hún er sjálf Hafnfirðingur og formaður félagsins Sólar í straumi, sem barðist gegn stækkun álversins í Straumsvík. Hún telur umræður um mótmæli sem þessi vera á villigötum og segir að ekkert sé athugavert við að aðkomufólk sýni málum sem þessum áhuga. „Okkur kemur þetta jafnmikið við og það sem er að gerast annars staðar í heiminum. Þetta er ekkert einkamál Flóamanna,“ segir Valgerður og bætti því við að á fundinum í gærdag hafi sérstaklega verið þakkað fyrir stuðning þess fólks sem á fundinn mætti. **- þeb**



**URRIÐAFOSS** Á annað hundrað manns mættu á mótmælafundinn jafnt heimamenn sem gestir.

Hlíðarendasvæðið:

# Breytingar á breytingar ofan

**SKIPULAGSMÁL Reykjavíkurborg greiðir Valsmönnum hf. tíu milljónir á mánuði í sekt vegna tafa á gildistöku deiliskipulags á Hlíðarendasvæðinu. „Það urðu þarna ákveðnar breytingar bæði hjá Valsmönnum og Reykjavíkurborg,“ sagði Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi.**

**Breytingarnar sem Valsmenn óskuðu eftir voru að ný aðkoma yrði gerð inn á svæðið. Það ásamt því að ákveðið var að fjölga íbúum á svæðinu verulega varð til þess að auglýsa varð breytingu bæði á aðal- og deiliskipulagi að nýju, að sögn Birgis Hlyns Sigurðssonar skipulagsstjóra. - pal**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Árekstur í Reykjanesbæ

Tvær bifreiðar skullu saman á mótum Hringbrautar og Tjarnargötu í Reykjanesbæ í gærmorgun. Önnur bifreiðin valt við áreksturinn og var farþegi úr henni fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja til skoðunar.

## AKUREYRI

### Amnesty til Akureyrar

Stofnaður hefur verið Norðurlandshópur í Íslandsdeild Amnesty International. Var það gert í kjölfar námskeiðs sem haldið var á Akureyri á dögunum. Hópurinn ætlar að verða kraftmikil viðbót við starf Íslandsdeildarinnar.

# Fjórðungi færri nýir fólksbílar fluttir inn

**Nýskráningum nýrra fólksbíla inn í landið fyrstu fimm mánuði ársins hefur fækkað um fjórðung. Nýskráningum notaðra bíla hefur fækkað um helming. Metmánuðir í fyrra, að sögn Umferðarstofu. Innflutningur er að taka við sér.**

**SAMGÖNGUR** Nýskráningum nýrra fólksbíla inn í landið hefur fækkað um rúm 26 prósent á fyrstu fimm mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Nýskráningum notaðra bíla hefur fækkað um tæpan helming.

Ástæðu þessa má rekja til sterks gengis krónunnar gagnvart dollara í upphafi síðasta árs, að sögn Einars Solheim, framkvæmdastjóra rekstrarsviðs Umferðarstofu.

„Þetta voru miklir metmánuðir í fyrra,“ segir Einar. „Í janúar, febrúar og mars í fyrra var krónan svo sterk gagnvart dollaranum að menn voru að hamast við að flytja inn bíla frá Bandaríkjunum.“

Einar býst við að innflutningurinn sé að taka við sér. „Krónan hefur verið að styrkjast frá því fyrstu mánuðina í ár, svo að innflutningur í apríl og maí í ár var talsvert meiri en í fyrra. Það stefnir í að árið í ár verði ekki minna en í fyrra.“

Bílainnflutningur sveiflast með ytri hagsveiflum, að sögn Einars. „Auðvitað er kannski verra að reka fyrirtæki við svona sveiflukenndar aðstæður. En þeir kvarta alveg örugglega ekki núna, því núna er mjög mikið selt af nýjum bílum,“ segir Einar.

Um eitt þúsund færri Toyotabílar voru fluttir inn fyrstu fimm mánuði ársins en á sama tíma í fyrra. Haraldur Þór Stefánsson, framkvæmdastjóri sölusviðs Toyota segir þetta vera annars vegar vegna fjölda bílaleigubíla sem seldust í fyrra og hins vegar vegna samdráttar miðað við sama tíma í fyrra.

„Markaðurinn minnkaði um 25 prósent milli ára,“ segir Haraldur. En við segjum að árið núna sé svipað og árið 2005 sem var frábært. Árið 2006 var auðvitað algjörlega brjálað, maður hefur aldrei séð annað eins. Við seldum áttahundruð bíla, bara í mars. Það var bara eitthvað sem hefur aldrei gerst.“

Rúmlega 43 þúsund fólksbílar hafa verið skráðir inn í landið frá upphafi árs 2005. „Þetta er í 300.000 manna landi,“ segir Haraldur. „Við getum ekkert kvartað. Það er bara tóm gleði sem hér ríkir.“

**steindor@frettabladid.is**



**BÍLAMERGÐ** Ríflega 43.000 fólksbílar hafa verið nýskráðir inn í landið á síðustu 30 mánuðum.




Bæjarstjórinn í Mosfellsbæ hefur áhyggjur af viðbragðstíma sjúkrabíla:

# Bót og betrun með nýrri stöð

**HEILBRIGÐISMÁL** „Viðbragðstími sjúkrabíla gagnvart okkur er mjög slakur, það þekki ég sem fulltrúi í stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins,“ segir Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri í Mosfellsbæ. „Við Mosfellingar höfum haft áhyggjur af þessu síðan byggðasamlagið var stofnað, og bent á að þetta yrði að fara betur,“ segir hún.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu voru færri en tíu prósent neyðarútkalla sjúkrabíla til Mosfellsbæjar í fyrra innan viðmiðunarmarka, sem eru átta mínútur. Óheppilegri staðsetningu slökkvistöðvarinnar á Tunguhálsi er þar helst um að kenna, en langan tíma tekur sjúkrabíla að komast þaðan út á Vesturlandsveginn.

„Það er von á bót og betrun, ef við getum sagt svo, með staðsetningu nýrrar slökkvistöðvar við Vesturlandsveg hjá Úlfarsfelli,“ segir Ragnheiður. „Hún er vel staðsett, í aðeins mínútu akstursfjarlægð frá lögsögumörkunum.“

Ragnheiður segir að horft hafi verið til þess hvort slökkvistöð ætti að vera reist í Mosfellsbænum, en Vesturlandsvegurinn hafi verið valinn til að stöðin geti þjónað fleirum.




**SJÚKRABÍLL** Ný slökkvistöð verður reist við Vesturlandsveg hjá Úlfarsfelli.

„Sjálfsagt verður hugað að því að setja aðra slökkvistöð fyrir norðan okkur þegar byggðin fer enn lengra í þá átt, en þangað til er þetta fín staðsetning.“ **- sþs**

Landsmótið hefst á fimmtudaginn

Viltu keppa í sparkvallabolta?

Opið fyrir alla - skráning á landsmot.kopavogur.is

Velkomin á Landsmót
- frábær fjölskylduhátíð fyrir alla

http://landsmot.kopavogur.is

2007 LANDSMÓT UMFÍ
KÓPAVOGI 5.–8. JÚLÍ

Sumartilboð Vildarþjónustunnar

25%
afsláttur hjá öllum Fosshótelum

www.spar.is

FOSSHÓTEL
Vinalegri um allt land

SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta




**KIA Picanto** er einkar lipur, fallegur og sparneytinn smábíll með skynsamlegri rýmisnýtingu. Nú getum við boðið glæsilegan fimm dyra Picanto dísil með fjarstýrðum samlæsingum og álfelgum á lækkuðu verði, **1.450.000 kr**. (verð áður 1.560.000 kr.). Picanto er einnig fáanlegur sjálfskiptur, einn fárra smábíla.

Engin útborgun, **21.257 kr.** á mánuði*

*M.v. 100% lán og 84 mánaða gengistryggt bílalán frá AVANT.

AVANT

KIA MOTORS
The Power to Surprise™

***KIA umboðið*** á Íslandi er í eigu HEKLU

**KIA** • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvar er flugvöllurinn sem varð fyrir hryðjuverkaárás um helgina?*
2. *Hvaða ljósmyndari vinnur með hirðljósmyndara dönsku konungsfjölskyldunnar?*
3. *Hvaða danska lið hefur gert Rúrík Gíslasyni tilboð?*

SVÖR Á SÍÐU 34

Konungleg skírn í kapellu Fredensborgarhallar í Danmörku:

# Ísabella Henríetta Ingiríður Margrét

**DANMÖRK, AP** Ísabella Henríetta Ingiríður Margrét var nafnið sem dóttir Friðriks krónprins af Danmörku og Maríu Elísabetar krónprinsessu var gefið er hún var skírð við hátíðlega athöfn í kapellu Fredensborgarhallar á Sjálandi í gær.

Prinsessan unga, sem fæddist þann 21. apríl, er annað barn krónsprinshjónanna. Hún er nú þriðja í ríkiserfðaröðinni á eftir föður sínum og eldri bróður, hinum tveggja ára gamla Kristjáni prins.

Látin móðir Maríu Elísabetar hét Henríetta, móðuramma Friðriks hét Ingiríður og Margrétarnafnið er í höfuðið á ömmunni, Margréti Þórhildi drottningu. María Elísabet tjáði fréttamönnum að þau hjónin hefðu síðan komið sér saman um nafnið Ísabellu, sem ekki er í höfuðið á neinum.

Skírnarathöfninni var sjónvarpað beint í Danmörku. Mikill mannfjöldi safnaðist saman við kapelluna til að hylla fjölskylduna ungu. **- aa**



**FJÖLSKYLDAN** Prinsessan unga var hin værasta og litli prinsinn Kristján var hinn prúðasti á meðan á athöfninni stóð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti Íslands í Tyrklandi:

# Funduðu um fíkniefnavanda

**FORVARNIR Baráttan gegn fíkniefnum var viðfangsefni fundar sem Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, átti með Kadir Topbas, borgarstjóra Istanbúl á föstudag.**

**Istanbúl er ein fimmtán evrópskra borga sem tekur þátt í forvarnaverkefni sem byggir á rannsóknum við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík, sem og reynslu Reykjavíkurborgar á þessu sviði. Borgarstjórinn ítrekaði persónulegan stuðning sinn við verkefnið.**

**Forsetinn heimsótti höfuðstöðvar Actavis í Tyrklandi að fundinum loknum og ræddi við forystumenn í lyfjaiðnaði landsins. - þeb**


Hinn frábæri

Flikk Flakk sirkus

laugardaginn 7. júlí kl. 16 og 17

Velkomin á Landsmót

- frábær fjölskylduhátíð fyrir alla

http://landsmot.kopavogur.is

2007 LANDSMÓT UMFÍ KÓPAVOGI 5.–8. JÚLÍ


Sjaldgæf herflugvél sem grafin var upp úr Grænlandsjökli á leið til Englands:

# Jökulmærin lendir í Reykjavík

**FLUG** Tveggja hreyfla bandarísk orrustuflugvél úr síðari heimsstyrjöld mun í vikunni millilenda á Íslandi á leið sinni til Duxford á Englandi, þangað sem leið hennar var heitið á sínum tíma þegar hún brotlenti á Grænlandsjökli árið 1942.

Vélin var grafin upp úr jöklinum með mikilli fyrirhöfn árið 1992 og stórfé eytt í að gera hana upp. Hún er ein þriggja véla af sinni gerð, Lockheed P-38 Lightning, sem til eru í flughæfu ástandi. Hún ber nú nafnið „Glacier Girl“.

Eigendur vélarinnar standa nú að því að fljúga vélinni alla þá leið sem til stóð að hún flygi fyrir 65 árum. Mustang-orrustuflugvél, sem var með í för, kom við á Reykjavíkurflugvelli á föstudag en bilun olli töfum á flugi Jökulmærarinnar. Í gær var hún enn í Kanada.




**JÖKULDAMAN** Hinn nærri því níræði Brad McManus, t.h., ásamt flugmanninum Steve Hinton fyrir framan „Glacier Girl“ á Teterboro-flugvelli í New Jersey er lagt var í'ann þann 22. júní. McManus var einn flugmannanna í „týndu flugsveitinni“ árið 1942. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vélin var hluti af flugsveit sem síðar var nefnd „Týnda flugsveitin“ eftir að hún varð að nauðlenda vegna veðurs á jöklinum. „Týnda flugveitin“ var hluti af svonefndri Bolero-áætlun, sem kom hundruðum herflugvéla frá Bandaríkjunum til Englands - um Kanada, Grænland og Ísland - á fyrstu misserunum eftir að Bandaríkin höfu þátttöku í stríðinu.

Hægt er að fylgjast með framvindu leiðangursins á vefnum www.airshowbuzz.com. **- aa**


DRAUMASTAÐUR Á NESINU

ÍAV



Hrólfsskálamelur 2–8

ÍBURÐARMIKLAR ÍBÚÐIR

ÍAV reisir þrjú fjölbýlishús við Hrólfsskálamel á Seltjarnarnesi. Í fyrsta húsinu eru 26 íbúðir en alls verða um 80 íbúðir í húsunum þremur.

Gæðastig íbúðanna er með því hæsta sem þekkist á markaðnum. Á það jafnt við um hönnun, efnisval, búnað og frágang. Lofthæð í stofum, eldhúsum og herbergjum er mun meiri en almennt gerist. Gólfsíðir gluggar í stofum og herbergjum gefa mikla birtu. Tvöföld gólf tryggja mikla hljóðeinangrun. Svalaskýli eru á svölum.

Við hönnun íbúðanna voru þægindi og öryggi íbúa höfð í öndvegi. Loft íbúða eru niðurtekin og með innfelldri lýsingu með sérstakri ljósastýringu. Gólfhiti er með þráðlausum nemum. Á baðherbergjum er borðplata úr graníti og í flestum íbúðanna eru bæði baðker og sturta. Í íbúðunum verður loftskiptakerfi.

Íbúðunum er skilað fullbúnum með fljótandi plankaparketi á gólfum. Í eldhúsi eru vandaðar innréttingar með eldunareyju, og borðplötu úr graníti. Eldhústæki eru af Miele-gerð með burstaðri stáláferð, eða sambærilegt.

Að utan eru húsin að mestu klædd með leirbrenndum flísum og að hluta með sléttri álklæðningu. Allir gluggar eru álkæddir timburgluggar. Húsin þarfnast því lágmarksviðhalds.

Ítarlegar upplýsingar um eignirnar á vefsíðu okkar www.iav.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

www.iav.is

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200



# IQ-CARE

HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR

**Þrýstijöfnun er lykilorðið**



## Ein besta heilsudýna í heimi

iq-care.com

**IQ-CARE** aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir dýpri og betri svefni.
**IQ-CARE** er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.
**IQ-CARE** er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum og andar því betur.
**IQ-CARE** aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.
**IQ-CARE** er ein sterkasta efnablanda sem þróuð hefur verið og endist því lengur en skyldar vörur.
**IQ-CARE** þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.

## VELDU AÐEINS ÞAÐ BESTA!

### S-CAPE
WALLHUGGER



**Hjónarúm með**
**okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu**
**Dæmi: 160 x 200 cm kr. 369.900 stgr.**

Rúm sem dregst að veggnum þannig að þú helst við hlið náttborðsins.

- Mest seldi botninn í heiminum.
- Upplýst þráðlaus fjarstýring með öllum stillingum.
- Sterkir og hljóðátir þýskir lyftumótorar.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Öflugir nuddmótorar með sjálfvirkum tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- Öll liðarmót úr flugvélaplasti.
- 12 ára ábyrgð.



SWISSFLEX

50 ára reynsla



**Loftrúm án rafmagns**

### PROFLEX



**Hjónarúm með**
**okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu**
**Dæmi: 160 x 200 cm kr. 219.900 stgr.**

Mest selda stillanlega rúmið á Íslandi.
Frábær reynsla.

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stillanlegt mjóbakssvæði.
- Hægt að fá stillanlega fætur sem ráða hæð rúmsins.
- 5 ára ábyrgð.

Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er PROFLEX lausnin.



Frí þrýstijöfnunarmæling sem greinir hvaða dýna hentar þér best

## SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI




Svefn & heilsa ★★★★★

**AKUREYRI**



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR




Svefn & heilsa ★★★★★

**REYKJAVÍK**

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is







# Stjörnutónleikar á Wembley:

# Sungið í minningu Díönu

**LUNDÚNUM, AP** Bresku prinsarnir Vilhjálmur og Harry buðu í gær tugþúsundir gesta velkomna á minningartónleika um móður þeirra, Díönu prinsessu, á nýbyggðum Wembley-leikvanginum í Lundúnum.

Díana hefði orðið 46 ára á þessum degi, og 31. ágúst næstkomandi verða rétt tíu ár frá andláti hennar í bílslysi í París.

Á tónleikunum tróð upp sumt af uppáhaldstónlistarfólki prinsessunnar ástsælu, þeirra á meðal Tom Jones, Nelly Furtado og Duran Duran, en einnig yngri listamenn á borð við Kanye West, P. Diddy, Joss Stone og Lily Allen. - aa



**KONUNGLEGIR GESTGJAFAR** Prinsarnir á sviðinu á Wembley í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**BJARGAÐ ÚR ÁNAUÐ** Sjónvarpsstöðvar hafa birt myndir af horuðum verkamönnum sem sættu barsmíðum og þvingunum. NORDICPHOTOS/AFP

## Hertar aðgerðir gegn þrælkun verkafólks og barna:

# Þrælahald í Kína hneykslar þjóðina

**KÍNA, AP** Kínversk stjórnvöld boða nú hertar aðgerðir til að taka á þrælkun í múrsteinaverksmiðjum í sveitahéruðum landsins í kjölfar mikillar fjölmiðlaumfjöllunar um málið. Herferðin mun standa yfir í tvo mánuði og aðallega beinast að verksmiðjum og kolanámum.

Lögregla hefur ráðist inn í yfir 8.000 múrsteinabrennslur og kolanámur undanfarnar vikur í héruðunum Shanxi og Henan þar sem ástandið er talið verst. Nærri þúsund verkamönnum hefur verið bjargað úr ánauð, þar af eru tugir barna, og um 160 stjórnendur múrsteinabrennslna hafa verið handteknir.

Héraðsstjóri Shanxi, Yu Youjun hefur beðið fórnarlömb og fjölskyldur þeirra formlega afsökunar og varð þar með fyrstur ráðamanna til að viðurkenna ábyrgð í málinu.

Þetta hneykslismál, sem hefur verið helsta hitamálið í kínverskum fjölmiðlum undanfarnar vikur, hefur vakið alþjóðlega athygli á aðbúnaði verkafólks í Kína.

Eftir að fjölmiðlar höfðu birt fjöldann allan af frásögnum um þrælahald tóku stjórnvöld við sér og fyrir tveimur vikum birtist skýrsla á vef ríkisstjórnarinnar um að allt niður í átta ára gömul börn hafi verið barin og þvinguð til að vinna langan vinnudag án matar eða borgunar. - sdg




## SAMGÖNGUR

### Nær allir hálendisvegir opnir

Allir hálendisvegir hafa nú verið opnaðir utan Eyjafjarðarleiðar sem enn er lokuð. Vegfarendur eru þó hvattir til að sýna varúð á hálendinu.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Tjara til vandræða á vegum

Margir ökumenn lentu í vandræðum norðan Akureyrar um helgina þegar nýlögð klæðning fór að gefa sig svo tjara og grjót slettist á bíla. Hlýindum og mikilli umferð er um kennt.






# ÞEGAR VANDA SKAL VALIÐ HLÝTUR SAMSUNG AÐ KOMA UPP Í HUGANN



Þetta tæki er fáanlegt í svörtu og hvítu.

## LCD

Samsung LE23R71BX
**23" LCD sjónvarpstæki**
Upplausn 1366 x 768
6,4 milljarðar lita
170° Sjónarhorn
Contrast: 2000:1
Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI, Component, SCART x 2, PC
Hvítt / Svart
**Verð : 89.900,-**



Þetta tæki er fáanlegt í svörtu og hvítu.

**SAMSUNG sjónvörp:**
> Afburða tækni <
> Frábær hönnun <
> Framúrskarandi myndgæði <
> Gott verð <

## LCD

Samsung LE40R86WDX
**40" LCD sjónvarpstæki**
Innbyggður stafrænn DVB-T sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 8000:1
HDMI x 3, Component,SCART x 2, PC (D-sub) og S-video
**Verð : 249.900,-**



## LCD

Innbyggður stafrænn DVB-T sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 8000:1
HDMI x 3, Component,SCART x 2, PC (D-sub) og S-video

Samsung LE32R87BDX
**32" LCD sjónvarpstæki**
**Verð : 149.900,-**

Samsung LE37R87BDX
**37" LCD sjónvarpstæki**
**Verð : 199.900,-**



## PLASMA



Innbyggður stafrænn DVB-T sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1024 x 768 (42")
1366 x 768 (50")
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Contrast: 15000:1
HDMI x 3, Component, SCART x 2, PC (D-sub) og S-video

Samsung PS42Q96BDX
**42" Plasma sjónvarpstæki**
**Verð : 239.900,-**

Samsung PS50Q96BDX
**50" Plasma sjónvarpstæki**
**Verð : 319.900,-**

## LCD

Innbyggður stafrænn DVB-T sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 7000:1
Birta: 500 cd/m2
Sjónsvið: 178°/178°
HDMI x 2, Component, SCART x 2, PC (D-sub) og S-video

Samsung LE26S86BDX
**26" LCD sjónvarpstæki**
**Verð : 99.900,-**

Samsung LE32S86BDX
**32" LCD sjónvarpstæki**
**Verð : 119.900,-**

Samsung LE37S86BDX
**37" LCD sjónvarpstæki**
**Verð : 179.900,-**

Samsung LE40S86BDX
**40" LCD sjónvarpstæki**
**Verð : 199.900,-**

KVIKA

# ORMSSON

ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON RADIONAUST-AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | ORMSSON BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK SÍMI 480 1160

**LITHÁÍSKA MAFÍAN – MILLILIÐIR OG ÚRRÆÐI 4. GREIN AF FJÓRUM**

# Fíkniefnasmyglarar bóka hjá Jetis

Litháískir glæpamenn, sem stöðvaðir hafa verið í tollinum hér á landi og sitja nú í íslenskum fangelsum, eiga það nokkrir sameiginlegt að hafa undirbúið ferðatilhögun sína í gegnum ferðaskrifstofuna Jetis í Kaunas. Í gegnum hana útvega þeir sér farmiða, jafnvel á vitlausum nöfnum og röngum vegabréfanúmerum. Í Fréttablaðinu á föstudag voru rakin mál sem sýna með óyggjandi hætti að skipulögð glæpastarfsemi, sem rætur á að rekja til Kaunas í Litháen, væri farin að festa rætur hér á landi en tollverðir hafa á undanförnum tveimur árum komið í veg fyrir að hátt í 70 kíló af amfetamíndufti komist inn á markað hér. Jafnframt hefur lögreglan staðfest að einn mannanna hafi komist inn í landið með skammta af efnum áður en hann var stöðvaður. Talið er að um mikið magn hafi verið að ræða enda var sami maður tekinn með sterkan amfetamínvökva þegar hann var stöðvaður í tollinum, sem hefði mátt vinna úr tugi kílóa af sterku amfetamíndufti.

Þrátt fyrir háværa fjölmiðlaumræðu í Litháen um hversu auðvelt það virðist vera fyrir glæpamenn að undirbúa ferðir sínar til annarra landa með hjálp Jetis, hefur aldrei farið fram opinber rannsókn á ferðaskrifstofunni. Starfsmaður stofunnar vildi ekki tjá sig við Fréttablaðið, þegar leitað var eftir því, en sagði „ekkert óeðlilegt“ við starfsemi stofunnar og það væri ekki „þeim að kenna“ þó margsinnis hafi verið bókaðir farmiðar á stofunni sem reyndust vera ferðir fíkniefnainnflytjenda, og þá yfirleitt af þriðja manni sem hvergi kæmi nærri ferðinni.

„Það er eitthvað bogið við Jetis eins og svo margt annað hérna í borginni,“ segir Giedré Goriené ritstjóri vikuritsins Karstas Komentaras sem fjallað hefur ítarlega um skipulagða glæpastarfsemi í borginni. „Það sem er athyglisverðast er að yfirvöld, og þá sérstaklega lögreglan, gerir ekkert til þess koma í veg fyrir þetta og þess vegna þarf alþjóðasamfélagið að grípa inn í. Líklegt er að ferðaskrifstofan hafi verið stofnuð að grunni til fyrir illa fengið fé, enda getur það verið afskaplega gott fyrir fíkniefnasmyglara að eiga ferðaskrifstofu.“




**Enginn þrýstingur – hvað er til ráða?**

Íslensk stjórnvöld hafi ekki þrýst á um að gripið verði inn í fíkniefnaframleiðsluna í Kaunas þrátt fyrir að nokkur af stærstu amfetamínsmyglmálum Íslandssögunnar megi rekja beint þangað. Alþjóðalögreglan Interpol hefur hins vegar beitt stjórnvöld í Litháen töluverðum þrýstingi. Þá hafa Norðurlöndin einnig komið þeim skilaboðum til stjórnvalda í Litháen að það sé „áhyggjuefni“ hversu marga glæpi mega rekja til landsins sem koma upp.

Flestir viðmælendur Fréttablaðsins, sem voru á þriðja tug, voru sammála um að það væri vandkvæðum bundið að „gera eitthvað í málunum“ ef stjórnvöld í Litháen væru ekki fáanleg til þess að herða eftirlit með glæpasamtökum í landinu, sérstaklega í Kaunas, og láta til skarar skríða gegn fíkniefnaframleiðendum. „Ef það verður ekkert gert, þá sjáum við örugglega fleiri svona dæmi [um fíkniefnasmygl],“ sagði einn heimildamaður Fréttablaðsins innan lögreglunnar.

**Áhyggjur af innflytjendum**

Lögreglumenn í landinu voru augljóslega uggandi yfir því hversu margt fólk hefði komið hingað til lands frá Austur-Evrópu sem ekkert væri vitað um. Nýleg rannsókn lögreglumanna á afbrotum hér á landi sýnir að innflytjendur koma margfalt meira að ólöglegri háttsemi heldur en fyrir fáum síðan. „Hingað hefur ekki verið að koma fólk sem hefur það gott í sínu heimalandi og reynslan erlendis frá sýnir að fólkið getur leiðst út í afbrot, eða á jafnvel einhvern brotaferil að baki.“ Lögreglumennirnir tóku þó skýrt fram að langflestir innflytjendur legðu gott eitt af mörkum til samfélagsins en hins vegar væri það „óheppilegt“ að hafa ekki upplýsingar um sakaferil mikils fjölda manna sem hingað hafa komið.

Þannig hefur fjöldi fólks, sem hafa fengið úthlutaða kennitölu hjá Þjóðskrá en er ekki á skrá hjá Vinnumálastofnun, vaxið mikið frá því landið var opnað fyrir fólki frá nýjum ríkjum Evrópusambandsins 1. maí í fyrra. Rúmlega 1.800 kennitölur hafa ekki skilað sér inn í kerfið hjá Vinnumálastofnun, sé einungis horft til Austur-Evrópulandanna átta sem landið var opnað fyrir. Ástæðurnar fyrir því geta verið margar samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun. Hugsanlegt er að viðkomandi einstaklingur, sem fékk kennitölu úthlutaða, hafi aldrei skilað sér til landsins, unnið hér á landi í skamman tíma eða vinnuveitendur fólksins ekki sinnt því nægilega vel að skrá fólkið. Til dæmis eru hér á landi um 1.300 Pólverjar með kennitölu sem ekki eru á skrá og ekkert er vitað um, og um 250 Litháar.



AMFETAMÍNFRAMLEIÐSLA Íslensk stjórnvöld hafa ekki þrýst á um að gripið verði til harðra aðgerða gegn fíkniefnaframleiðendum í Litháen. Flest stærstu amfetamínsmygl Íslandssögunnar má rekja beint til framleiðslu í borginni Kaunas. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Orkuveita Reykjavíkur

Sögur og sagnir í Elliðaárdal

Þriðjudagskvöldið 3. júlí verður farin göngu- og fræðsluferð um Elliðaárdal undir leiðsögn Stefáns Pálssonar, sagnfræðings. Dalurinn á sér merka sögu allt frá komu Ketilbjarnar gamla landnámsmanns. Gengið verður um og sagðar sögur.

Gangan hefst kl. 19:30 við Minjasafnið í Elliðaárdal.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 38005 06.2007



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

www.or.is




# Nú er rétti tíminn fyrir nýtt rúm

## Tempur heilsurúm, stillanleg rúm og heilsukoddar á sumartilboði



### Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin" sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.



### Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnunnar og kodda koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktar á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskólasjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.

**Betra BAK**

**Reykjavík**
Faxafeni 5
Sími 588 8477

**Ísafirði**
Skeiði 1
Sími 456 4566

**Akureyri**
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Umræðan um fjárhættuspil og veðmál er full af þversögnum og hræsni.

## Lastaskattar í þágu góðra mála

JÓN KALDAL SKRIFAR

Það eru iðjuleysingjar sem spila póker upp á pening. Hinir sem þiggja peningaverðlaun eða verðmæta vinninga fyrir góðan árangur í bridds eða skák eru taldir afreksmenn og njóta velþóknunar.

Eitthvað á þessa leið eru ríkjandi staðalímyndir samfélagsins af þeim sem blanda saman keppni og von um gróða auk hinnar ómetanlegu sigurtilfinningar.

Tvískinnungurinn er víða. Þeir sem kaupa miða í happadrætti Háskóla Íslands, spila á Lengjunni eða Lottóinu eru ekki litnir hornauga en þeir sem eyða tíma og fjármunum í spilakassa Háskólans eru álitnir undirmálsfólk. Konungur hræsninnar, borgarstjórinn í Reykjavík kemur í veg fyrir opnun spilasalar í Mjódd, en heimilar umyrðalaust tvöföldun sams konar salar við Hlemm og amast ekki við rekstri spilasala annars staðar. Það mátti álíta að aðgerðin í Mjódd væri upphafið að allsherjar prinsippátaki borgarstjóra við að koma spilasölum úr „fjölskylduvænum" hverfum. Þegar upp var staðið var hún ekki annað en þrá eftir því að skora pólitísk stig.

Umræðan um fjárhættuspil er þannig full af þversögnum. Ýmsir hafa til dæmis bent á að það sé ósæmandi að stofnanir á borð við Háskóla Íslands og SÁÁ hagnist á spilakössum sem valdi spilafíkn.

*Það er barnaskapur að halda að fjárhættuspil leggist af ef þau eru bönnuð.*

Þeir sem eru á þeirri skoðun mættu gjarnan velta fyrir sér hvert hagnaðurinn ætti að fara ef ekki til góðra verka? Rétt er að minna á að auk Háskólans og SÁÁ njóta íþróttahreyfingin, ungmennafélögin, Rauði krossinn og öryrkjabandalög góðs af spilakössunum.

Þar fyrir utan er það að sjálfsögðu til mikillar fyrirmyndar að spilafíklar standa á þennan hátt að nokkru leyti sjálfir straum af kostnaðinum ef þeir þurfa að leita sér meðferðar.

Hvort eigi að leyfa tiltekin spil, hvar spilasalir eiga að vera staðsettir er góð og gild umræða. Það er hins vegar barnaskapur að halda að fjárhættuspil leggist af ef þau eru bönnuð eða spilakössum lokað. Von um skjótfenginn gróða heillar alltaf ákveðinn fjölda fólks. Það mun aldrei breytast.

Nýstofnað Pókerfélag Íslands þrýstir á rétt manna til að taka þátt í pókermótum þar sem er keppt um peningavinninga. Ekki er eftir neinu að bíða með að taka af skarið um þann rétt.

Annað, og ef til vill meira aðkallandi mál, er þó að aðlaga löggjöfina um fjárhættuspil breyttu umhverfi sem fylgir spilamennsku á netinu. Fjölmörg erlend fyrirtæki bjóða upp á pókerspil á netinu og veðmál um íþróttaúrslit. Hagnaðurinn af þeim rekstri rennur ekki til góðra mála á Íslandi.

Alþingi bíður að skýra stöðu þeirrar starfsemi sem er á gráu svæði eins og málum er háttað nú.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




5 kr. afsláttur

þegar þú átt afmæli!

Þeir sem eru með dælulykil Atlantsolíu fá 5 krónu afslátt af lítraverði þegar þeir kaupa eldsneyti á afmælisdaginn sinn.



ATLANTSOLÍA

Sími 591 3100 - www.atlantsolia.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sögulegar skýringar

Alltaf gaman þegar menn skella sér í vísindalega túlkun eftir á að hyggja: ef bara... Nýlega birtist ein slík hjá hinum marglofaða vefverja Agli Helgasyni: Íslendingar fyrri alda kunnu ekki að matbúa fisk. Það kunnu aftur Miðjarðarhafsbúar frá fornu fari, allt sem þurfti til var sítróna, pipar og olífuolía - og grill. Það er gott að vera vitur eftir á. Meðan grillbrælan liggur milli húsa, tjaldstaða um allt land og fiskbúðir auglýsa opnunartíma fram eftir kvöldum vaknar sú spurning hvort ekki sé rétt að söguspekingurinn fari að eyða einu og einu sumri hér á landi til að átta sig á veruleikanum.



### Besservisserablús.

Steingrímur Sigfússon er annar þrekmaður í sögulegum útskýringum. Í Fréttablaði sunnudags er hann með sína útskýringu á því hvers vegna hann situr ekki í ríkisstjórn sem er sýnilega öllum öðrum að kenna en honum sjálfum. Stjórnmálamenn eru teknir að átta sig á að brýnt er að spinna fyrir fjölmiðla og almenning hvernig atburðarás var, ekki fyrir áratug eða öldum heldur í síðasta mánuði. Þessi snyrting á raunveruleikanum minnir í áköfustu tilvikum á tísku sjónvarpsþáttanna: Extreme Makeover með öllum tiltækum ráðum - til að sýnast.



### Svartur raunveruleiki

Í Mogga helgarinnar er boðið uppá nokkra vitnisburði að vestan. Málflutningurinn er ekki nýr af nálinni. Smærri útgerðir munu lognast út af verði farið að ráðum Hafró. Útgerðarmennirnir hafa áhyggjur af starfsmönnum sínum, bæði sjómönnum og landvinnslufólki sem að stærstum hluta er erlent farandverkafólk. Öðruvísi mér áður brá, sagði kerlinginn þegar hún las Moggann sinn. Á einhverri vefsíðu var stungið upp á að menn færu aftur að huga að stofnun bæjarútgerða. Enginn hefur enn stungið uppá að skerðingin taki einungis til útgerða að tilteknu marki í kvóta og hinir minni verði óskertir.

pbb@frettabladid.is

# Hvað er til ráða?



GUÐRÚN ÍRIS ÞÓRSDÓTTIR

Í DAG | Hraðakstur

Skoðanir á því, hvað beri að gera til að stemma stigu við ofsaakstri eru misjafnar. Það fyrsta sem kemur í hug margra er að enn þurfi að herða refsingar.

Það eigi að elta fólk uppi, gera ökutækin upptæk, svipta fólk ökuleyfi, dæma menn í háar sektir og jafnvel fangelsi.

Eftirfylgd lögreglu við þá sem keyra of hratt hafa iðulega endað með skelfingu og stofna enn fleiri mannslífum í hættu en nauðsynlegt er.

Í Fréttablaðinu 28. júní birtist frétt þess efnis, að það væri fagnaðarefni að sektir við umferðalagabrotum hefðu hækkað umtalsvert í vor. Í sömu frétt stóð einnig að þrátt fyrir að sektir hefðu aukist hefði ekki dregið úr hraðaakstri. Lögreglan hefur sektað fleiri. Ég spyr: Hver er tilgangurinn?

### Refsing er ekki markmið

Refsingar hafa ekki mannbætandi áhrif á fólk. Þær geta hleypt illu blóði í þá sem á að refsa, einkum og sér í lagi, ef refsingin þykir of hörð miðað við brotið. Refsingar eru ekki markmið í sjálfu sér, heldur beitum við þeim til að hafa áhrif á hegðun fólks. Í tilviki ofsaaksturs er markmið refsinga að draga úr slíkum akstri og koma í veg fyrir að hann eigi sér stað, ekki það að ná fram hefndum á þeim sem stunda hann. Hertar refsingar gegn ofsaakstri eru ekki í samræmi við það markmið okkar að draga úr honum. Vissulega geta harðar refsingar bælt hegðun tímabundið og ljóst er að séu ökutæki ofsaakstursmanna gerð upptæk - eins og lagt hefur verið til - stunda þeir sem nást ekki ofsaakstur aftur um sinn. En slíkum refsingum fylgja miklir ókostir. Sá, sem á von á því að ökutæki hans verði gert upptækt, er mun líklegri til að reyna að stinga lögregluna af, en sá sem á von á vægari refsingu. Refsingar kenna fólki ekki að fylgja lögum heldur einungis að forðast refsingu. Í tilviki þeirra sem stunda ofsaakstur getur það þýtt að keyra innan löglegs hámarkshraða, en

*Refsingar kenna fólki ekki að fylgja lögum heldur einungis að forðast refsingu.*

það getur líka þýtt að keyra svo langt yfir honum að lögreglan nái þeim ekki.

### Ómerktar hraðahindranir

Eftir að hafa búið í Svíþjóð kom mér ýmislegt spánskt fyrir sjónir þegar ég flutti aftur til Íslands. Eitt af því voru hraðahindrair. Þar sem ég bjó í Svíþjóð voru hraðahindranir kyrfilega merktar í þeim tilgangi að ökumenn færu hægar yfir, en hér heima voru þær oftast ómerktar og því refsing fyrir þá sem keyrðu of hratt. Þeir sem keyrðu of hratt hentust yfir hindrunina og fóru illa með ökutækið sitt, en hægðu ekkert á sér. Hér verðum við að spyrja okkur hvert sé markmið hraðahindrana. Er tilgangurinn ekki að fá ökumenn til að aka hægar, frekar en skemma ökutæki þeirra sem aka of hratt? Skilti, sem gefur ökumanni til kynna, að hraðahindrun sé framundan, og gefur honum þannig tækifæri til að hægja á sér- nær markmiði sínu mun betur en hraðahindrunin ein og sér.

Að tilkynna fólki, að eitthvað neikvætt sé væntanlegt kallast neikvæð styrking innan sálfræðinnar. Refsingar eru aftur á móti gefnar eftir að neikvætt atferli á sér stað og bæla hegðun einungis tímabundið. Refsingar hafa einnig þann ókost að vera umbun fyrir þann sem refsar. Neikvæð styrking hefur þann kost fram yfir refsingu, að hún eykur tíðni þeirrar hegðunar, sem við viljum ná fram. Ökumaður sem sér að hraðamæling er framundan er mun líklegri til að hægja á sér en sá sem ekki veit af mælingu.

### Markmið umferðarlöggæslu

Þegar upp er staðið verðum við að spyrja okkur sjálf hvert er markmiðið með umferðarlöggæslu? Viljum við að fólk aki hægar eða viljum hefna okkar á þeim sem aka of hratt? Ef við viljum að fólk aki hægar má nota aðferð Svíanna. Í stað þess að liggja í leyni myndi lögreglan setja upp vel sýnileg skilti, sem gæfu til kynna að hraðamælingar væru framundan. Þannig næði lögreglan því markmiði að lækka hraða ökutækja. Ef við erum hins vegar bara að hugsa um að refsa fólki höldum við uppteknum hætti og vonum að það leiði ekki til fleiri alvarlegra slysa.

*Höfundur er sálfræðingur*

# Ríkisráðgjöfin

UMRÆÐA

Ríkisstofnanir



KRISTINN H. GUNNARSSON

Fyrir nokkrum árum var Þjóðhagsstofnun lögð niður. Rökin voru þau að liðnir væru þeir tímar að ein ríkisstofnun færi með mat á efnahagsástandi og tillögur um aðgerðir til þess að ná settu markmiði ríkisstjórnarinnar. Í stað Þjóðhagsstofnunar kæmu greinadeildir viðskiptabankanna, hver með sitt mat og greiningu á efnahagslífinu og svo efnahagsskrifstofa Fjármálaráðuneytisins að auki.

Það yrði því úr nógu að velja og álit margra óskyldra aðila hlyti að verða betra en eitt ríkisálit. Svo var því bætt við að efnahagsmál væru já að sumu leyti matskennd hugvísindi og byggð á ófullkomnum upplýsingum. Það væri ekki til einn algildur sannleikur, heldur mat á veruleikanum byggt á ófullkomnum upplýsingum. Einmitt við slíkar aðstæður væri algerlega nauðsynlegt að leggja niður ríkisráðgjöfina og byggja þess í stað á áliti og skoðanaskiptum margra aðila. Það væri farsæll til lengri tíma.

Þannig hefur þetta verið síðan. En þegar kemur að sjónum, lífríkinu þar og fiskistofnunum, þá eiga landsmenn ennþá sína Þjóðhagsstofnun, nema hvað þar heitir hún Hafrannsóknastofnun. Þá er ríkisráðgjöfin enn við líði. Satt að segja er þekking á hafinu og fiskistofnunum ekki nærri eins mikil og á efnahagslífi landsmanna, enda viðfangsefnið miklu flóknara, víðameira og erfiðara að nálgast.

Það sést best á því að ríkisstofnunin treystir sér ekki til að spá fyrir um stærð fiskistofna nema eitt ár fram í tímann. Samt láta menn eins og aðeins einn sannleikur sé til um mat á fiskistofnunum. Áberandi er hversu erfitt vísindamenn utan ríkisstofnunarinnar eiga uppdráttar og lítinn aðgang að fjármagni. Er beinlínis lagst gegn vísindastarfsemi á þessu sviði sem ekki er innan ríkisstofnunarinnar. Er ekki kominn tími til þess að stuðla að framförum sem ávallt fylgja starfi margra vísindamanna, áliti þeirra hvers og eins og skoðanaskiptum eða voru það kannski mistök að leggja niður Þjóðhagsstofnun á sínum tíma?

*Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Frjálslynda flokksins*

# Kayakarnir fást í Sportbúðinni Krókhálsi 5

# Hvar sem þú ert – Hvert sem þú ferð Sportbúðin er í leiðinni út úr bænum



**Prijon Seayak – Mest keypti sjókayak á Íslandi mörg undanfarin ár.** Lengd 490 sm, breidd 55 sm, þyngd 26 kg. Prijon Seayak er með fram- og afturlest ásamt daghólfi fyrir framan mannop. Stillanleg sæti og fótstig. Nú fylgir luxus stýri öllum Prijon bátum. Litir: Rauður og Mango (gulur).
**Verð aðeins 129.900 eða aðeins 11.300 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Prijon Kodiak – Vinsæll sjókayak frá Prijon, einkum hannaður fyrir stærri og þyngri ræðara.** Lengd 518 sm, breidd 59 sm, þyngd 28 kg. Fram- og afturlest ásamt daghólfi fyrir framan mannop. Stillanleg sæti og fótstig. Nú fylgir luxus stýri öllum Prijon bátum. Litir: Rauður, Mango (gulur) og Granite (grár).
**Verð aðeins 129.900 eða aðeins 11.300 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Prijon Motion – Vinsæll bátur fyrir smærri og léttari ræðara.** Nokkuð hraðskreiður og stöðugur. Lengd 454 sm, breidd 59 sm, þyngd 26 kg. Fram- og afturlest ásamt daghólfi fyrir framan mannop. Stillanleg sæti og fótstig. Nú fylgir luxus stýri öllum Prijon bátum. Litir: Rauður, Mango (gulur) og blár.
**Verð aðeins 129.900 eða aðeins 11.300 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Prijon Touryak – Ekki ósvipaðir eiginleikar og Prijon Motion en hannaður fyrir stærri og þyngri ræðara.** Lengd 470 sm, breidd 63 sm, þyngd 25 kg. Fram- og afturlest ásamt daghólfi fyrir framan mannop. Stillanleg sæti og fótstig. Nú fylgir luxus stýri öllum Prijon bátum. Litir: Rauður og Mango (gulur).
**Verð aðeins 129.900 eða aðeins 11.300 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

## Þú færð ár og svuntu með Prijon kayak á aðeins 9.990 og 15% afslátt af öllum búnaði og göllum.



**Point 65 Nemo – Klettstöðugur og skemmtilegur kayak fyrir byrjendur.** Lengd 350 sm, breidd 63 sm, þyngd 22 kg. Afturlest, þægilegt sæti og stillanleg fótstig. **Verð á Nemo með svuntu og ár er aðeins 84.900 eða aðeins 7.438 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Point 65 Picnic – Annar skemmtilegur bátur frá Point 65, hannaður fyrir vötn og styttri ferðir með ströndinni.** Lengd 450 sm, breidd 65 sm, þyngd 24 kg. Stöðugur bátur sem lætur vel að stjórn. Þægilegt sæti og stillanleg fótstig. **Verð á Picnic með svuntu og ár er aðeins 89.900 eða aðeins 7.867 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Point 65 Five-O-Five – Nýr bátur frá þessum sænska framleiðanda.** Hannaður fyrir byrjendur og miðlungs ræðara. Lengd 505 sm, breidd 59 sm, þyngd 25 kg. Þægilegt sæti og stillanleg fótstig. **Verð á Five-O-five með stýri, ár og svuntu er aðeins 109.900 eða aðeins 9.583 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Point 65 XP – Hraðskreiður og skemmtilegur bátur fyrir lengra komna.** Lengd 545 sm, breidd 55 sm, þyngd 25 kg. Þægilegt stillanlegt sæti og stillanleg fótstig. Framlest, afturlest og daghólf. XP kemur bæði með stýri og skeggi / ugga.
**Verð á XP trefjabátnum með XP svuntu er aðeins 199.900 eða aðeins 17.308 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Point 65 XP Kevlar – Nú fæst þessi vinsæli bátur einnig úr Kevlar á ótrúlega góðu verði.** Lengd 545 sm, breidd 54 sm, þyngd aðeins 19,2 kg. Þægilegt sæti og stillanleg fótstig. Fram- og afturlest auk daghólfs. XP Kevlar kemur bæði með stýri og skeggi / ugga. **Verð á XP Kevlar ásamt svuntu er aðeins 298.900 eða aðeins 25.806 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Point 65 SeaRover – Hraðskreiður og skemmtilegur trefjabátur fyrir lengra komna ræðara.** Stöðugri en XP og því hentugri fyrir miðlungs ræðara. Lengd 525 sm, breidd 63 sm, þyngd 25 kg. Framlest, afturlest og tvö daghólf. SeaRover kemur bæði með stýri og skeggi / ugga. **Verð á SeaRover trefjabát með svuntu er aðeins 209.900 eða aðeins 18.167 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

## Þurrgallar frá Kokatat og Artistic Sportswear í ótrúlegu úrvali.

15% afsláttur af þurrgöllum og aukabúnaði
með keyptum sjókayak í Sportbúðinni

SPORTBÚÐIN



Sportbúðin býður alla báta og búnað með vaxtalausum Visa og Euro raðgreiðslum til allt að 12 mánaða.
3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í mánaðagreiðslum.

**Krókhálsi 5 - 110 Reykjavík - Sími 517 8050 - Sportbudin.is**

**HERMANN HESSE FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1877**

*„Ef þú hatar aðra persónu þá hatarðu eitthvað í henni sem er hluti af sjálfum þér. Það sem ekki er hluti af okkur sjálfum, truflar okkur ekki.“*



***Rithöfundurinn Hermann Hesse fæddist 2. júlí 1877 í Calw í Þýskalandi og lést þann 9. ágúst 1962 í Montagnola í Sviss. Hann hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1946.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 2. JÚLÍ 1937**

## *Amelia Earhart gufar upp*



Amelia Earhart var á sínum tíma heimsfrægur flugmaður sem með hugrekki sínu og skemmtilegum persónuleika vann hug og hjörtu fólks. Hún var fyrsta konan til þess að fljúga yfir Atlantshafið, önnur manneskjan og um leið fyrsta konan til að fljúga ein síns liðs yfir Kyrrahafið milli Kaliforníu og Hawaí og fyrsta konan til að taka þátt í kappflugi sem haldið var í Cleveland árið 1935. Hún sló ófá hraðamet og fékk fjöldamörg verðlaun fyrir afrek sín.

Annan dag júlímánaðar árið 1937 hurfu Earhart og aðstoðarflugmaður hennar, Fred Noonan einhversstaðar yfir Kyrrahafinu á lokahluta ferðalags þeirra í kringum miðbaug jarðar. Hefði þeim tekist að ljúka ferðinni þá hefði Amelia Earhart orðið annar flugmaður sögunnar til að fara þessa leið og um leið fyrsta konan.

Aldrei hefur sannleikurinn að baki þessa dularfulla hvarfs komið í ljós og enn í dag er almenningur að geta sér til um hvað varð um Ameliu og Fred. Skáldsögur hafa verið skrifaðar, kvikmyndir framleiddar og ótal margar blaðagreinar skrifaðar en engin kurl hafa komið til grafar. Ýmsar getgátur hafa verið uppi og meðal þeirra vinsælustu eru til dæmis kenningar um að þeim hafi verið rænt af japanska hernum, að bilun hafi átt sér stað í ratbúnaði þeirra eða að geimverur hafi náð tökum á þeim. **- mhg**

**MERKISATBURÐIR**

**1849** Jón Sigurðsson og fleiri alþingismenn gerðu þá kröfu að Alþingi yrði háð í heyranda hljóði.

**1907** Tveir Þjóðverjar, jarðfræðingur og listmálari, fórust í Öskjuvatni. Minningartafla um þetta slys var sett upp árið 1951.

**1974** Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra baðst lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt.

**1983** Hljómsveitin The Police gefur út síðustu hljómplötu sína „Synchronicity“, sem gerði sér lítið fyrir og var 17 vikur samfleytt í fyrsta sæti yfir vinsælustu plöturnar í Bandaríkjunum það árið.

**AFMÆLI**



**Magnús Skarphéðinsson** er 52 ára í dag.



**Jerry Hall** er 51 árs í dag.



**Steinunn Ólína** er 38 ára í dag.

## *Umgengni við háspennulínur*

Landsnet hefur gefið út upplýsingabæklinginn Háspennulínur - aðgát skal höfð, þar sem finna má ýmsan gagnlegan fróðleik um umgengni við háspennulínur og önnur flutningsvirki. Bæklingurinn er jafnt ætlaður þeim sem vinna að skipulagsmálum, sveitarfélögum, verktökum, landeigendum, sumarbústaðaeigendum og áhugafólki um útivist.

„Okkur sem störfum hjá Landsneti er ljóst að flutningsvirki fyrirtækisins, einkum háspennulínur, hafa töluverð sjónræn áhrif og skoðanir á þeim eru skiptar. Því reynum við eftir fremsta megni að hanna mannvirki þannig að þau falli sem best að landinu og að hægt sé að annast viðhald þeirra með eins litlu raski og frekast er unnt,“ segir Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets. „Stefnumótun okkar í umhverfismálum tekur mið af þessum þáttum og vonandi sýnum við með framgöngu okkar að orð og athafnir fara saman.“






*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir, tengdasonur og afi,*

**Einar S. Ólafsson**

framkvæmdastjóri, Háholti 6, Garðabæ,

sem andaðist á heimili sínu aðfaranótt föstudagsins 22. júní, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 6. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar afbeðin en þeim sem vildu minnast hans er vinsamlegast bent á heimilislínu LSH (Krabbameinsfélagið, sími 540-1990).

Inga Jóna Andrésdóttir
Ásta Sigríður Einarsdóttir — Finnbogi V. Finnbogason
Elínborg Einarsdóttir — Örn Þórðarson
Inga Ólöf Sigurjónsdóttir — Alexander Arndísarson
Alexander Dagur Finnbogason
Einar Auðunn Finnbogason
Ólafur J. Einarsson
Sjöfn Ólafsdóttir — Eyjólfur Sigurðsson
Sigríður Williamsdóttir — Andrés Guðmundsson
og aðrir aðstandendur.






Þorleifur Örnólfsson, Hilmar og Gunnar Stefánssynir ásamt danska kokkinum Stig Forup við humarbátinn góða. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**HVALALÍF VIÐ HÖFNINA:** OPNA VEITINGAHÚS Í GAMLA FLÓABÁTNUM BALDRI

# Stangveiði, hvalir og karókí

Á undanförnum misserum hefur menningarlíf við Reykjavíkurhöfn tekið miklum breytingum. Þar blómstra nú margir veitingastaðir og enn bætist í flóruna. Humarbáturinn er þar á meðal en það er fyrirtækið Hvalalíf sem stendur þar að baki með bræðurna Hilmar og Gunnar Stefánssyni við stjórnvölinn.

„Tilkoma þess að við stofnuðum þetta fyrirtæki var eiginlega bara sú að það hefur orðið svo mikil aukning í ferðamannaiðnaðinum og við sáum í þessu fjölbreytt og skemmtilegt tækifæri,“ segir Gunnar Stefánsson, en hann er meðal þeirra fyrstu sem tóku upp á því að bjóða ferðamönnum upp á hvalaskoðunarferðir og stangveiði. „Það má segja að ég sé frumkvöðull að sjóstangveiðiferðum hérlendis og hef verið í þessu undanfarin fimmtán ár, þó að Hvalalíf hafi reyndar verið stofnað núna síðastliðið vor.“

Með Hvalalífi er boðið upp á margar nýjungar og þar má segja að veitingabransinn og ferðamannaþjónustan sameinist á frumlegan og skemmtilegan hátt. Bræðurnir festu kaup á gamla ferjubátnum Baldri sem hefur nú fengið nafnið Humarbáturinn og er orðinn að veitinga- og skemmtistað. Hann liggur við suðurbugt Reykjavíkurhafnar og fer aldrei frá landi, en upp við hann liggur hins vegar hvalaskoðunarbáturinn Andrea sem siglir út á flóann þrisvar sinnum á dag.

„Humarbáturinn er í dag hundrað og fimmtíu manna veitingastaður sem er öllum opinn, en einnig þeim sem eru á leið út í hvalaskoðun og sjóstangveiði með Andreu. Hugmyndin sem við lögðum fyrst og fremst upp með er sú að þegar fólk kemur til baka úr hvalaskoðun og sjóstangveiði þá látum við beinhreinsa og flaka fiskinn og svo er honum hent á grillið. Þetta hefur fallið einstaklega vel í kramið hjá mannskapnum enda mjög gott og skemmtilegt borða ferskan fisk sem maður hefur veitt sjálfur,“ segir Gunnar og bætir því við að eftir matinn bjóðist gestum að halda til í bátnum og syngja karókíslagara. „Við höfum verið að prufukeyra þetta skipulega og það má segja að betur hafi tekist til en við áttum von á. Við ætluðum aldrei að losna við fólkið úr bátnum. Þau skemmtu sér svo vel að þau yfirgáfu bátinn ekki fyrr en eftir tólf tíma.“

Frekari upplýsingar um ferðir Hvalalífs er að finna á www.hvalalif.is **mhg@frettabladid.is**

Aðeins tímaspursmál hvenær nýtt meindýr breiðist út á höfuðborgarsvæðinu:

# Ný bjöllutegund nemur land

**NÁTTÚRA** Aðeins er tímaspursmál hvenær bjöllutegund sem hlotið hefur nafnið asparglytta nemur land í Reykjavík. Hún fannst fyrst hér á landi á Mógilsá í fyrravor, og er þegar farin að breiðast út, segir Erling Ólafsson skordýrafræðingur.

Ekki er vitað hvernig bjallan barst fyrst hingað til lands. Erling segir hana þegar farna að breiðast út, þegar svipast hafi verið um eftir henni fyrir nokkrum dögum hafi hún verið komin í næsta dal við Mógilsá, en hafi ekki náð í Mosfellsbæ eða Mosfellsdal. Bjallan er fleyg, og segir Erling að á góðviðrisdögum eins og verið hafi undanfarið geti hún lagst í ferðalög og numið ný lönd.

Líklegt er að bjallan láti að sér kveða í Mosfellsbæ á næsta ári, og einungis tímaspursmál hvenær hún kemst til höfuðborgarinnar og annarra nágrannasveitarfélaga, segir Erling.

Bjallan vaknar úr dvala í apríl og byrjar að éta lauf þegar þau spretta. Hún leggst á alaskaösp, blæösp, viðju og gulvíði. Erling segir óvíst hvernig trén bregðist við þessum nýja meinvaldi, bjallan geti hamlað trjávexti og trén verði ljót.

Bjallan verpir svo um sumarið, og þegar lirfurnar klekjast út taka þær til við að éta laufblöð fram á haust. Það eru einkum tré sem standa í skjóli og lauf á neðstu greinum stórra trjáa sem bjallan herjar á. **- bj**



**ÉTUR ALLT SUMARIÐ** Asparglyttan getur farið illa með lauf trjáa, og þegar bjöllurnar drepast taka lirfur hennar við, svo tegundin étur lauf allt sumarið. MYND/ERLING ÓLAFSSON



FRÁBÆR
TILBOÐ
FRÁ 2.036 KR Á MÁNUÐI
acer
EINSTAKT RÝMINGAR VERÐ
69.900 KR
VERÐ GILDIR AÐEINS Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Acer 5102WLMI
Örgjörvi 1.6GHz AMD64 Turion X2 Dual Core - með 1MB cache
Minni 1GB Dual DDR2 533MHz Einfalt að stækka minnið í 4GB
Harðdiskur 80GB Ultra ATA100 5400RPM ATA100 harðdiskur
Skrifari 8xDVD±RW Slot DL skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár 15,4" WXGA WideScreen skjár Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite
Skjákort 128MB ATI Radeon X1100 PCI-Express skjákort
Hátalarar Hljóðkerfi með 2 hátölurum Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Netkort Gigabit 10/100/1000 Einnig innbyggt 56k mótald
Þráðlaust 54Mbps þráðlaust netkort með loftneti í skjá
Stýrikerfi Windows XP Home Öruggt og öflugt
Tengi 3xUSB 2.0, VGA, Type II PC Card S-Video út, PCMCIA, Infrared o.fl.
RÝMING • SÝNINGARVÉLAR OG LÍTIÐ ÚTLITSGALLAÐAR • TAKMARKAÐ MAGN
VERÐ 69.900
ACER 5684WLMIB
FRÁ 4.220 KR Á MÁNUÐI
1.83GHz Intel Core 2 Duo T5600 örgjörvi með 2MB flýtiminni 2GB Dual DDR2 minni • 160GB 5400RPM harðdiskur 8xDVD±RW DL skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite skjár 256MB Geforce7 Go7600 skjákort • 5in1 kortalesari Bluetooth • Vefmyndavél • Windows Vista Home Premium
VERÐ 144.900
ACER 9303AWSMI
FRÁ 3.492 KR Á MÁNUÐI
1.6Ghz AMD Turion64 X2 Mobile TL-52 með 1MB flýtiminni 2GB Dual DDR2 minni • 120GB 5400RPM harðdiskur 8xDVD±RW DL skrifari • 17" WXGA CrystalBrite skjár 128MB DDR Geforce Go7300 skjákort • 5in1 kortalesari Vefmyndavél • Windows Vista Home Premium
VERÐ 119.900
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 17,5%.
TÖLVULISTINN
Nóatúni 17 Reykjavík. ☎ 414 1700
Glerárgötu 36 Akureyri. ☎ 414 1730
Hafnargötu 90 Keflavík. ☎ 414 1740
Miðvangi 2-4 Egilsstaðir. ☎ 414 1735

# FRÁBÆR TILBOÐ



## GLÆSILEG NÝ KYNSLÓÐ AF ACE TÖLVUM Í ÁL TURNI

**INTEL CORE 2 DUO**
Core 2 Duo tæknin sem er nýjasta þróun Intel skilar sér í allt að 40% meiri afköstum en áður hefur þekkst

**GEFORCE7 NX7600GS**
MSI Geforce7 NX7600GS er öflugt PCI-E 16X skjákort með ofur hraðvirkt 256MB DDR2 minni

**HARÐUR DISKUR**
Ný kynslóð harðdiska frá Western Digital sem eru enn hljóðlátari og allt að 100% hraðvirkari

**17" LCD SKJÁR**
17" LCD Acer 1716FS skjár með 8ms viðbragðstíma, 1280x1024 upplausn og 800:1 í skerpu

**2.1 HLJÓÐKERFI**
2.1 Creative SBS380 glæsilegt og kraftmikið 2.1 hljóðkerfi með 2 hátölurum og öflugu bassaboxi

**WINDOWS VISTA**
Tölvan er uppsett með Windows Vista Premium ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | **Intel Core 2 Duo E6420 2.13GHz**<br>4MB flýtiminni, EM64T |
| Móðurborð | **MSI 965P NEO-F - Core 2 Duo**<br>PCI-Ex16, SATA2, 4xDDR2 667MHz |
| Minni | **2GB Dual DDR2 667MHz Corsair**<br>Corsair minni með lífstíðarábyrgð |
| Harðdiskur | **320GB WD Caviar SE16 - SATA 2**<br>SATA2 300, 7200RPM og 16MB buffer |
| Skjákort | **56MB MSI Geforce7 NX7600GS**<br>MSI PCI-E 16X, DDR2 |
| Skjár | **17" LCD Acer 1716FS**<br>800:1 og 8ms viðbragðstími |
| Skrifari | **18x DVD± 8x DL skrifari**<br>Skrifar og les DVD og CD diska |
| Hljóðkort | **7.1 Dolby Digital HD - EAX2**<br>Frábært í leiki og bíómyndir |
| Hátalarar | **2.1 Creative hátalarakerfi**<br>2 öflugir hátalarar og bassabox |
| Netkort | **Gigabit 10/100/1000**<br>Gigabit netkort |
| Stýrikerfi | **Windows Vista Home Premium**<br>Öruggara og öflugra |

FRÁ 3.492 KR Á MÁNUÐI

**VERÐ 119.900**

## SÚPERTILBOÐ 4



4600+

- AM2 4600+ X2 Athlon64 1MB
- Mjög Hljóðlát örgjörvakælivifta
- MSI K9N6SGM-V móðurborð
- 2GB Dual DDR2 667MHz minni
- 128MB Geforce6 6100 PCI-E 16X
- 7.1 hljóðkort, 10/100 netkort
- SATA2 Raid, 2xATA133 ofl.

**VERÐ 29.900**

## SÚPERTURN 6



COOLER MASTER

FRÁ 2.036 KR Á MÁNUÐI

2.13GHz Intel Core 2 Duo E6420 örgjörvi með 4MB flýtiminni
2GB DDR2 667MHz minni • 320GB WD SATA2 harður diskur
256MB MSI Geforce8 NX8500GT viftulaust PCI-Ex 16x skjákort
Gigabit netkort • SATA og ATA diskstýringar og margt fleira

**VERÐ 69.900**

## MSI NX7600GS

MSI 256MB DDR2 viftulaust GeForce7 NX7600GS SLI skjákort, PCI-Ex 16x, 128 bit, Dx2, Dual VGA og TV Out

**VERÐ 9.990**

## MSI NX8500GT

Nýtt frá MSI, GeForce8 NX8500GT skjákort. 256MB DDR3. PCI-Ex 16x, 1xDVI og 1xVGA, TV Out, styður DirectX 10

**VERÐ 10.900**

## HARÐUR DISKUR



5 ár ÁBYRGÐ

500GB

500GB SATA2 Special Edition harður diskur frá Western Digital sem er 7200RPM og með 16MB buffer

**VERÐ 11.900**

## XMS MINNI

2GB - Pöruð 2 stk 1GB DDR2, 800MHz 240pin PC2-6400, Corsair XMS minni með kæliplötu

**VERÐ 14.900**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1GB Thumb Corsair Drive | 1GB Corsair Turbo Flash minnislykill, USB 2.0 | 4GB Corsair Thumb Drive | 8GB Corsair Thumb Drive | 16GB Corsair Thumb Drive | MSI þráðlaust netkort 108Mbps 802.11g | 1GB DDR2, 667MHz 240pin minni PC2-5300 | MSI P35 Platinum móðurborð, 1333FSB |
| VERÐ 1.990 | VERÐ 2.990 | VERÐ 6.990 | VERÐ 12.900 | VERÐ 17.900 | VERÐ 3.990 | VERÐ 6.990 | VERÐ 21.900 |

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 17,5%.

# TÖLVULISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| Nóatúni 17 | Reykjavík. | ☎ | 414 1700 |
| Glerárgötu 36 | Akureyri. | ☎ | 414 1730 |
| Hafnargötu 90 | Keflavík. | ☎ | 414 1740 |
| Miðvangi 2-4 | Egilsstaðir. | ☎ | 414 1735 |

**Bandarískir** bankar, Bank of America, Citibank og fleiri, bjóða nú farsímanotendum að stunda bankaviðskipti í gegnum síma. Hægt er að skoða stöðuna, millifæra, finna næsta útibú og svo framvegis í gegnum símana. Ef til vill verður skamms að bíða þar til samskonar tækni verður tekin upp í Evrópu.



**Biðraðir** mynduðust fyrir utan bandarísku Apple-verslanirnar síðasta föstudag áður en sala hófst á iPhone. Ekki að ástæðulausu þar sem um er að ræða einstaklega fullkominn farsíma sem er meðal annars með breiðskjá og nettengingu. Áætlað er að iPhone komi í verslanir Evrópu síðla árs 2007.



**The Vital** Monitoring System er nýtt eftirlitskerfi sem auðveldar hjúkrunarfræðingum að fylgjast með púls og blóðþrýstingi sjúklinga. Þeir skrá upplýsingarnar í sérstakan mæli og vista. Þar á eftir fá sjúklingarnir reglubundið boð um að mæla sig sjálfir og áframsenda niðurstöður þráðlaust í stjórnstöð. Sjá www.coroflot.com



# Ökkli sem hugsar

***Stoðtækjafyrirtækið Össur vinnur til alþjóðlegra verðlauna fyrir tækninýjung og vekur heimsathygli fyrir.***

„Proprio foot er fyrsti gerviökklinn sem býr yfir gervigreind, en hingað til hafa þeir verið hlutlausir ef svo má að orði komast,“ segir Heiðrún Gígja Ragnarsdóttir hjá stoðtækjafyrirtækinu Össuri.

Heiðrún hefur haft yfirumsjón með hönnun og þróun ökklans, sem hefur þegar vakið heimsathygli og unnið til gullverðlauna Medical Design Excellence Awards og Best Of What's New In Personal Health verðlaun Popular Science. Er þá óupptalin ítarleg umfjöllun í tímaritinu New York Times.

„Í stuttu máli sagt hefur ökklinn innbyggða nema sem skynja umhverfið og aðlaga hann svo að þörfum notandans, með þeim afleiðingum að stýrð hreyfing á sér stað,“ útskýrir Heiðrún. „Hann stillir sig þannig í heppilega gráðu miðað við yfirborðið sem gengið er á, hvort sem gengið er upp eða niður brekku, stiga eða á jafnsléttu.

Í síðastnefnda tilvikinu lyftir ökklinn líka upp tánum, þegar fætinum er sveiflað fram á við. Notandinn er því ólíklegri til að reka tærnar í. Eins og stundum vill verða með aðrar gerðir gerviökkla, þar sem þá skortir annað hvort ákveðinn sveigjanleika eða hættir til að síga niður vegna mikillar þyngdar.“

Þar fyrir utan segir Heiðrún ökklann stilla sig eftir skóm eða skóleysi notandans. Hann skynjar meira að segja hvort viðkomandi er í íþrótta- eða spariskóm. Allt þetta sé afar mikilvægt svo gönguálagið verði ekki of mikið. Vanstilltir gervilimir geti nefnilega skaðað bak, hné og mjaðmaliði.

Að sögn Heiðrúnar verður gerviökklinn aðeins seldur útvöldum viðskiptavinum að minnsta kosti fyrst um sinn, það er segja stoðtækjafræðingum og -fyrirtækjum, sem fara í gegnum sérstaka þjálfunaráætlun hjá Össuri, og læra að meðhöndla búnaðinn rétt. „Það skiptir gríðarlega miklu máli,“ bendir hún á í því samhengi. „Enda um mikilvæga nýjung að ræða sem hefur þegar hlotið mikla umfjöllun og alþjóðlega viðurkenningu og skiptir sköpum fyrir þá sem skortir afl í ökkla.“

*roald@frettabladid.is*



Heiðrún sést hér með Proprio Foot sem hefur unnið til verðlauna og fengið umfjöllun í New York Times. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**Áttu dýrmæt tæki ?**

**Explorer töskur eru fullkomin vörn.**

**Þær eru vatnsheldar, höggþéttar og til í ýmsum stærðum.**

FOTO VAL

Myndavéla-viðgerðir
Skipholti 50B
Sími 553 9200

www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is



**STIGAR**

***Allar mögulegar gerðir***
***Handrið og handriðaefni***
***Sjá heimasíðu okkar***
***www.byggingavorur.com***

***Mex - byggingavörur***
***Lynghálsi 3 Sími 567 1300 & 848 3215***

**Auglýsingasími**

512 50 50



– Mest lesið





Atvinnuhúsnæðislán með lægri lántökukostnaði

VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,7%

Miðað við myntkörfu 4, Libor-vextir 20.6.2007.

Vandað þráðlaust lyklaborð með frábærum multimedia flýtihnöppum ásamt auðveldri stjórn á hljóði og vöfrun.

**ÞRÁÐLAUS GEISLAMÚS**
Engar snúrur og ekkert vesen með þessari frábæru þráðlausu geislamús, skrunhjól flýtir fyrir allri vinnslu

**VERÐ 4.990**

## PREMIUM OPTICAL MÚS

Logitech

Glæsileg Logitech Premium Optical þráðlaus 3ja hnappa svört mús með 27Mhz USB móttakara, hentar vel í alla almenna vinnslu, einföld, handhæg og þægileg

**VERÐ 3.990**

## T3100 HÁTALARAR

CREATIVE

Creative T3100 er flott svart 30W RMS 2.1 hátalarakerfi með 2 öflugum hátölurum og kraftmiklu bassaboxi. Góður hljómur á góðu verði

**VERÐ 6.990**

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 17,5%.

## ULTRA X MÚS

Logitech

Glæsileg Logitech UltraX, svört og grá 4ra hnappa optical mús með skrunhjóli á frábæru verði, PS2/USB

**VERÐ 2.790**

## ATTACK 3 STÝRIPINNI

Logitech

Logitech Attack 3 stýripinni með 11 forritanlegum tökkum og Precision Throttle tækni, frábær í leikina, USB

**VERÐ 3.490**

## G15 LYKLABORÐ

Logitech

Logitech G15 Gaming Lyklaborð, Macro upptaka, forritanlegir hnappar, LCD skjár, íslenskir miðar, USB

**VERÐ 9.900**

## X-530 HÁTALARAR

Logitech

Logitech X-530 er svart 5.1 hátalarakerfi, 70W RMS, 5 öflugir hátalarar og stórt bassabox

**VERÐ 12.900**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 700MB Memorex 10stk CD-R diskar í spindli | 4,7GB Memorex 5stk 16x DVD-R eða DVD+R | 700MB Memorex 10stk CD-R diskar í Jewel Case | 700MB Memorex 25stk 52x CD-R í spindli | 4,7GB Memorex 10stk 16x DVD-R eða DVD+R | 4,7GB Memorex 10stk 16x DVD-R eða DVD+R | 4,7GB Memorex 25stk 16x DVD-R eða DVD+R | 4,7GB Memorex 50stk 16x DVD-R eða DVD+R |
| VERÐ 490 | VERÐ 790 | VERÐ 790 | VERÐ 990 | VERÐ 990 | VERÐ 1.290 | VERÐ 2.490 | VERÐ 4.790 |

# TÖLVULISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| Nóatúni 17 | Reykjavík. | ☎ | 414 1700 |
| Glerárgötu 36 | Akureyri. | ☎ | 414 1730 |
| Hafnargötu 90 | Keflavík. | ☎ | 414 1740 |
| Miðvangi 2-4 | Egilsstaðir. | ☎ | 414 1735 |

# Nýr styrktarsjóður stofnaður við HÍ

Nýr sjóður sem styrkir meistara- og doktorsnema í hjúkrunar-og ljósmóðurfræðum hefur verið stofnaður við Háskóla Íslands. Hann nefnist Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur í höfuðið á stofnanda hans og hefur að markmiði að efla framhaldsnám og rannsóknir í áðurnefndum fræðum.

Ingibjörg hefur verið einn ötulasti talsmaður þróunar í hjúkrunarmenntun hér á landi og var ein þeirra sem stóð að stofnun námsbrautar í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands sem varð að veruleika árið 1973. Árið 1998 hófst meistaranám í greininni við HÍ og á aldamótaárinu varð námsbrautin sjálfstæð deild innan skólans, hjúkrunarfræðideild.

Ljósmæðrafélag Íslands, Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Glitnir og Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði hafa lagt fé til sjóðsins, auk Ingibjargar og frænda hennar Magnúsar F. Guðrúnarsonar. Þar fyrir utan hafa sjóðnum borist fjölmargar gjafir fyrir tilstuðlan dr. Sigrúnar Gunnarsdóttur hjúkrunarfræðings. Kristín Ingólfsdóttir rektor og Ingibjörg undirrituðu stofnsamninginn.



**UNDIRRITUN.** Aftari röð: Magnús F. Guðrúnarson, Ragnheiður Halldórsdóttir, Pétur Þ. Óskarsson, Stefán Bragi Bjarnason og Hildur Friðriksdóttir. Fremri röð: Erla Kolbrún Svavarsdóttir, Ingibjörg R. Magnúsdóttir, Kristín Ingólfsdóttir og Sóley Bender.



Sívali turn er umgjörð tónleika Fífilbrekkuhópsins sem syngur lög Atla Heimis Sveinssonar við ljóð Jónasar.

# Á slóðum Jónasar í Höfn

Efnt verður til sérstakrar hópferðar til Kaupmannahafnar í haust til að minnast þar 200 ára afmælis Jónasar Hallgrímssonar.

Fjölmargir staðir í Kaupmannahöfn tengjast veru listaskáldsins góða þar. Því verður víða staldrað við á Jónasarhátíð sem haldin verður dagana 7.-9. september. Icelandair býður upp á hópferð á þá hátíð sem kostar 59 þúsund á manninn, miðað við tvo í herbergi á fjögurra stjörnu hóteli við Vesturbrúargötu.

Í Sívala turni er nú hljómleikasalur í þeim vistarverum þar sem íslenskir fræðimenn dvöldu á nítjándu öld. Þar mun hin íslenska söngsveit Fífilbrekkuhópurinn flytja lög Atla Heimis Sveinssonar við ljóð Jónasar að kvöldi 7. september. Daginn eftir verður farið til Sorö undir leiðsögn Böðvars Guðmundssonar rithöfundar. Þar dvaldi Jónas hjá vini sínum Jepetus Steenstrup náttúrufræðingi og síðar rektor Kaupmannahafnarháskóla og átti góða daga innan um önnur skáld skömmu áður en hann lést. Orti hann þar nokkur sinna bestu ljóða og skrifaði nokkur af sínum skemmtilegustu bréfum. Lesið verður úr þeim og fleira verður til skemmtunar yfir hádegisverði á þessum sögufræga stað þar sem einn þekktasti skóli Danmerkur var um aldir. Ferðinni lýkur á Hvids Vinstue við Köngsins Nýjatorg þar sem Íslendingar í Kaupmannahöfn sátu löngum yfir ölkrúsum og hugsuðu og ortu til ættjarðarinnar.

Á sunnudagsmorgun 9. september verður gönguferð um slóðir Jónasar og annarra Fjölnismanna um gamla miðbæinn undir leiðsögn Sigrúnar Gísladóttur. Eftir hádegi verður efnt til ráðstefnu um skáldið og náttúrufræðinginn Jónas á Nordatlantiske Brygge í tengslum við mikla Jónasarsýningu sem þar er haldin. Síðan verður flogið heim um kvöldið.

Nánari upplýsingar um ferðina er að finna á www.icelandair.is.



Frábær fjölskylduhátíð fyrir alla

skoðaðu dagskrána á heimasíðu mótsins

2007 LANDSMÓT UMFÍ KÓPAVOGI 5.–8. JÚLÍ

http://landsmot.kopavogur.is




Auglýsingasími 512 50 50

FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið

# STUÐ MILLI STRÍÐA Hvenær drepur maður hund...?

**ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR** HEFUR ÁHYGGJUR AF AMERÍKANISERÍNGU LANDANS



Íslendingar verða væmnari og tilfinningaóðari með hverju árinu sem líður. Hér áður fyrr stærðum við okkur af karlmennsku og dug og létum ekkert græta okkur. Nú fjölmennum við í líkvökur til þess að syrgja dauða hunda.

Kannski erum við komin svona langt frá upprunanum. Fyrir nokkrum áratugum bjó annar hver Íslendingur í sveit og hélt þar skepnur en nú þekkja margir ekkert til dýra annarra en þeirra sem passa í nettar handtöskur og taka sig vel út í Burberrykápu.

Ég hef örlitlar áhyggjur af því að við séum að verða eins og Bandaríkjamennirnir sem við gerum grín að fyrir tilfinningasemi í garð hvaladrápa en skeytingarleysi gagnvart fólki í neyð.

Hundurinn Lúkas hristi svo sannarlega upp í landanum í vikunni sem leið og kjaftasöguþjóðin smjattaði á fréttum af hrottalegum dauða hans. Vissulega var meðferðin á Lúkasi viðurstyggileg og sé sagan sönn verður að draga gerendur til ábyrgðar. Það er skelfilegt að misþyrma dýrum og sagan frá Akureyri ber vott um algjört virðingarleysi og hrottaskap.

Það má hins vegar ekki gleymast að þótt dýramisþyrmingar séu hrikalegar þá eru mannamisþyrmingar verri. Að minnsta kosti vona ég að við séum ekki orðin það veruleikafirrt að við leggjum líf manns og hunds algjörlega að jöfnu.

Þess vegna þótti mér undarlegt að lesa um ofsóknirnar sem einn hinna meintu hundamorðingja hefur mátt sæta. Á heimasíðu hans er honum hótað ofbeldi sem er mun alvarlegra en það sem henti veslings Lúkas. Þeir sem fordæma meðferðina á hundinum hóta því að gera piltinum það sama jafnvel þótt ekki hafi verið sannað að hann sé sekur.

Hvenær drepur maður hund og hvenær drepur maður ekki hund? Þarf ekki að sanna glæpinn? Og hvort er alvarlegri glæpur að drepa hund eða hóta manneskju, sem ef til vill er saklaus, misþyrmingum og lífláti?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



Frá kr. 2.790.000

TUCSON SPORT

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 16” álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á gírhnúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur

Hefur gæðin

# TUCSON SPORT

## Frá kr. 27.700 á mánuði*




Með bílinn handa þér

**Bíll á mynd: Hyundai Tucson Sport 2.0 dísel, bsk, 17” álfelgur, vindskeið**

**Bílasamningur m.v. 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.**

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 | Selfoss 575 1460 | Akranes 431 2622 | Akureyri 461 2533 | Egilsstaðir 471 2524

**!** **Kl. 10.00**

*Myndlistarmaðurinn Daníel Björnsson sýnir í D-sal Hafnarhúss Listasafns Reykjavíkur í Tryggvagötu. Í innsetningu sinni „Reitur“ vinnur hann með algengar táknmyndir úr ljósmyndum, ljósi og hráum efnivið.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Sjónvarp dauðans*

Þess berast nú fregnir að Þjóðverjar hyggist á haustdögum setja á stofn sérstaka sjónvarpsrás sem helguð verður dauðanum. Vefrit Deutsche Welle greinir frá því að samband þýskra útfararstjóra standi að baki stöðinni sem mun sjónvarpa efni allan sólarhringinn en þar verði meðal annars fjallað um sorgarferli, útfararsiði, reglugerðir og annað tilstand er fylgir þessu óumflýjanlega hlutskipti.

Haft er eftir talsmanni samtakanna að markmið félagsins sé að létta af þeirri bannhelgi sem umlykur dauðann. Markhópur stöðvarinnar, sem verður einnig aðgengileg á internetinu, er ört stækkandi hópur eldri borgara í Þýskalandi en þeir tilheyra kynslóð sem básúnar lítt tilfinningar á torgum né er mjög upplýstur um praktísk mál er fylgja þessum hinstu förum.

Upplýst er að reksturinn verður að hluta til fjármagnaður með dánartilkynningum sem hægt verður að birta á stöðinni en einnig vonast aðstandendur stöðvarinnar til þess að fyrirtæki og stofnanir sem deila fyrrgreindum markhóp muni stökkva um borð í vagninn. -khh



**DAUÐINN Á SKJÁNUM** Þýskir útfararstjórar eru framsýnir.



### >Ekki missa af...

leiksýningunni **Pabbanum** í Iðnó. Höfundurinn **Bjarni Haukur** fer á kostum í föðurhlutverkinu.

ljósmyndasýningu **Olafs Otto Becker, Páls Stefánssonar** og **RAX** í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Á sýningunni **Automatos** má sjá hvernig þessir þrír ólíku listamenn fást við landslagið. Sýningin stendur til 9. júlí.

## NÝJAR BÆKUR

Alþjóðamálastofnun og rannsóknarsetur um smáríki gefur út ritið **Ný staða Íslands í utanríkismálum: tengsl við önnur Evrópulönd.** Í nóvember stóð Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands fyrir ráðstefnu um breytta stöðu í utanríkismálum Íslands með áherslu á tengsl við önnun Evrópulönd. Markmiðið var að veja athygli á þeim víðfeðmu rannsóknum sem fara fram á sviði Evrópufræða í íslensku háskólasamfélagi og var því fræðimönnum á ýmsum sviðum boðið að kynna verk sín. Afrakstur ráðstefnunnar er settur fram í ritinu, sem skipt er upp í fimm hluta. Í þeim fyrsta eru inngangserindi, í öðrum eru ýmis sjónarmið hagfræðinnar sett fram, í þeim þriðja ræða stjórnmála- og sagnfræðingar um málefni þeim tengd, í þeim fjórða kynna norrænir fræðimenn reynslu sinna landa af fullri aðild að Evrópusambandinu og að lokum eru skráðar pallborðsumræður sem fulltrúar vinnumarkaðarins tóku þátt í. Ritstjóri er **Silja Bára Ómarsdóttir** forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknarseturs um smáríki við Háskóla Íslands en meðal höfunda í bókinni eru Valgerður Sverrisdóttir fyrrum utanríkisráðherra, Einar Benediktsson, Baldur Þórhallsson, Lilja Mósesdóttir og Valur Ingimundarsson.




Alþjóðleg frjálsíþróttakeppni

Velkomin á Landsmót - frábær fjölskylduhátíð fyrir alla

http://landsmot.kopavogur.is

LANDSMÓT UMFÍ 2007 KÓPAVOGI 5.–8. JÚLÍ

# Þjóðlögin óma alls staðar að

**Þjóðlagahátíðin á Siglufirði hefst eftir helgina en að þessu sinni verða kvæðamenn áberandi á hátíðinni en þá verður einnig boðið upp á námskeið á háskólastigi um íslenska þjóðlagatónlist.**

Hátíð þessi var haldin í fyrsta sinn árið 2000 fyrir tilstuðlan Félags um Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar sem hefur veg og vanda að skipulagningu hennar en umsvifin hafa aukist ár frá ári. Listrænn stjórnandi hátíðarinnar er Gunnsteinn Ólafsson tónlistarmaður. Segja má að dagskráin sé fjórþætt því auk hefðbundinna tónleika, þar sem flutt er bæði íslensk og erlend þjóðlagatónlist, eru kynningar ýmiskonar og fræðsluerindi auk þess sem boðið verður upp á leiklist, bæði í formi sýninga og námskeiða fyrir börn.

Nú verður ennfremur haldið námskeið um íslenska þjóðlagatónlist undir formerkjum Þjóðlagaakademíunnar á Siglufirði en markmið þess er að kynna þátttakendum heim íslenskra þjóðlaga, þjóðkvæða og þjóðdansa. Rósa Þorsteinsdóttir er meðal leiðbeinanda á námskeiðinu en hún segir það brautryðjendaverk að koma á slíkri fræðslu. „Námskeið sem þessi eru mjög sjaldgæf, það hafa verið kennd námskeið um íslensk þjóðlög innan þjóðfræðinnar í Háskóla Íslands en það hefur ekki verið í boði að undanförnu.“ Rósa segist vonast til þess að aukin fræðsla um þennan menningararf muni vekja áhuga ungs tónlistar- og fræðafólks á að rannsaka hann betur og nýta sér hann á markvissan hátt. „Það hafa sannarlega fleiri gott af því að kynnast þjóðlagaarfinum betur, til dæmis kennaranemar en þeir munu koma að námskeiðinu nú og geta vonandi nýtt sér þekkinguna áfram til kennslu og þannig vakið áhuga komandi kynslóða á þessu efni.“

Rósa segir að þjóðlagaáhugi hérlendis fari vaxandi þó enn sem komið er séu fáir sem sinni rannsóknum á því sviði. „Ég sé fyrir mér mörg rannsóknarefni þessu tengd. Þjóðlögin eru ekki gripin úr lausu lofti heldur greinast þau í ólík svið því öll tengjast þau ákveðnum kvæðagreinum sem rannsaka þarf hvert fyrir sig.“ Hún nefnir að gömul sálmalög hafi til að mynda verið lítillega rannsökuð svo og lög við barnagælur og þulur en aðrar tegundir þjóðlaga svo sem vikivakar, rímnalög og tvísöngur sé enn óplægður akur.

Rósa segir að Þjóðlagahátíðin á Siglufirði sé mikill fengur fyrir áhugafólk um þjóðlaga- og heimstónlist en hún hefur sótt hátíðina frá upphafi. „Þeir sem einu sinni prófa geta ekki hætt,“ segir hún kímin og bætir við að stemningin sé ávallt góð þó hún sé vitaskuld mismunandi eftir því hvaðan þátttakendurnir koma. „Ég hef sótt tónleika á Þjóðlagahátíðinni sem eru mér algjörlega ógleymanlegir. Ég man eftir því að hafa komið út af tónleikum og hugsað með mér: „Af hverju voru ekki allir hérna!“

Hún tekur fram að framtak þetta skipti ekki minna máli fyrir heimamenn og nærsveitunga. „Landsbyggðin þarf líka á því að halda að þar séu menntunarmöguleikar í boði. Þetta er ekki bara til þess að fólk komi að sunnan til þess að fara á hátíðina og námskeiðið heldur vona ég líka að fólkið á svæðinu nýti sér þetta tækifæri.

Dagskrá þessa árs er afar fjölbreytt en Rósa kveðst spenntust fyrir langspilsþinginu sem haldið verður á laugardaginn. „Það verður gaman að sjá og heyra í frænkum íslenska langspilsins sem koma víða að.“ Hún segist einnig vera spennt að heyra armenska tónlist en hún verður í hávegum höfð að þessu sinni. Tónskáldið John Sarkissian mun til dæmis segja frá tónlistarhefð Armena og þarlendir tónlistarmenn munu halda tónleika, ásamt Sinfóníuhljómsveit unga fólksins.

Hátíðin verður sett á miðvikudaginn með göngu í Siglufjarðarskarði þar sem kvæðamenn munu láta til sín taka. Síðan tekur einn viðburður við að öðrum fram á sunnudagskvöld. Meðal þátttakenda verða Bára Grímsdóttir og Chris Foster sem munu kveða og spila. Að utan kemur hljómsveitin Andromeda4 og heldur uppi fjörinu sem og Tríó Hanne Juul frá Svíþjóð sem mun koma fram ásamt kvæðamanninum Steindóri Andersen. Tónleikarnir verða haldnir víðsvegar um bæinn, þar á meðal í Bræðsluverksmiðjunni Gránu, í Bátahúsinu og á Bíókaffi.

Nánari upplýsingar um dagskrána má nálgast á heimasíðunni www.siglo.is kristrun@frettabladid.is



**NÁLÆGÐ OG FJARLÆGÐ** Meðal erlendra gesta á Þjóðlagahátíð í ár er listafólk frá Armeníu sem kynna mun tónlistararf sinn fyrir áhugasömum gestum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**TÓNSKÁLDIÐ OG PRESTURINN** Sr. Bjarni Jónsson safnaði íslenskum þjóðlögum og gaf út á árunum 1906-1909 en hann var eitt ástsælasta tónskáld Íslands í upphafi 20. aldar.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

29 30 1 **2** 3 4 5

### Mánudagur

#### SÝNINGAR

13.00 Samsýning listamannanna **Birgis Snæbjarnar Birgissonar** og **JBK Ransu**, **Hreinn hryllingur** stendur yfir í sýningarrýminu **Suðsuðvestur** í **Reykjanesbæ**. Viðfangsefni sýningarinnar eru mörk hreinleikans í fagurfræðilegum og siðferðislegum skilningi en tvígreining hins fagra og hryllilega er sett í áþreifanlegt form sjónlistar. Sýningin verður opin á laugardögum og sunnudögum frá kl. 14-17. Henni lýkur 5. ágúst.

13.00 **Jóhanna Friðfinns** sýnir í **Deiglunni**, **Listagilinu á Akureyri** í tilefni af **Listasumri**. Á þessari sýningu leggur Jóhanna áherslu á íslenska náttúru, sem alltaf hefur höfðað mikið til hennar.

13.00 **Belgísk-íslensk** listasýning í **Saltfiskssetrinu** í **Grindavík**. Níu listamenn sem eiga það sameiginlegt að hafa útskrifast frá Listaháskólanum í **Tongeren**, Academie og fine kunst, í Belgiu, sýna í Listasal Saltfiskssetursins. Saltfisksetur Íslands er opið alla daga frá 11-18.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


Ein vinsælasta áhorfendaíþróttin

Strandblak

laugardaginn 7. júlí kl. 14

Velkomin á Landsmót
- frábær fjölskylduhátíð fyrir alla
http://landsmot.kopavogur.is

LANDSMÓT UMFÍ 2007
KÓPAVOGI 5.–8.JÚLÍ



Sýningar á söguloft

MR. SKALLAGRÍMSSON

Júlí: 5. kl.20 uppselt, 13. kl.20 uppselt,
14. kl.15 laus sæti
14. kl. 20 uppselt

Ágúst: 11. kl.20, laus sæti
12. kl.20, laus sæti
18. kl.20, laus sæti
19. kl.20, laus sæti
25. kl. 20 laus sæti
26. kl. 20
30. kl.20, laus sæti
31. kl.20 laus sæti

Leikhústilboð í mat:
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS





Veiðimaðurinn 1940 · SPORTBÚÐIN · VEIÐIHORNIÐ

Þrjár sérverslanir - ein netverslun

Alltaf meira úrval - Alltaf betra verð

Simms Freestone öndunarvöðlur og Simms Freestone skór.
Einhverjar mest keyptu öndunarvöðlurnar á markaðnum.
Fullt verð 32.800.
Pakkatilboð aðeins 27.880.

Simms L2 öndunarvöðlur og Simms L2 skór.
Þú færð ekki Gore-tex vöðlur á betra verði.
Vöðlur með styrkingu á álagsstöðum.
Léttir og sterkir skór með filtsóla.
Fullt verð 44.800.
Pakkatilboð aðeins 37.990.

Scierra fluguveiðipakki.
Scierra Avalanche einhenda ásamt Scierra fluguhjóli með góðri bremsu. Vönduð flotlína, undirlína, taumatengi og taumur. Gjöful veiðihúfa og kastkennsla á DVD fylgir.
Fullt verð 25.900. Pakkatilboð aðeins 19.900

Scierra tvíhendupakki.
Scierra Avalanche tvíhenda í 4 hlutum. 12,6 eða 14 fet. Vandað Scierra fluguhjól úr áli. Scierra skotlína, undirlína og sökktaumur. Gjöful veiðihúfa og kastkennsla á DVD fylgir.
Fullt verð 44.900. Pakkatilboð aðeins 37.800.

Scierra Canyon veiðijakki.
Vandaður, vatnsheldur jakki með góðri útöndun.
Fullt verð 17.995. Nú á tilboði í júní aðeins 14.495

Scierra MBQ vöðlur og skór.
Vinsæll öndunarvöðlupakki á frábæru verði.
Fullt verð 29.990.
Pakkatilboð aðeins 19.950.

Ron Thompson Aquasafe veiðijakki.
Vinsæll, vatnsheldur jakki með útöndun.
Fullt verð 12.995. Nú á tilboði í júní aðeins 9.995.

Ron Thompson neoprenvöðlur.
4mm þykkt efni. Styrkingar á hnjám.
Góður brjóstvasi.
Fóðruð stígvél með filtsóla.
Fullt verð 12.995.
Nú á tilboði í júní aðeins 8.995

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 · Krókháls 5 – Sími 517 8050 · Síðumúli 8 – Sími 568 8410

Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is





fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Tónleikar Stones í Belgrad færðir vegna hrossa

Fyrirhugaðir risatónleikar Rolling Stones í Belgrad í Serbíu hafa verið færðir vegna mikilla mótmæla dýraverndunarsinna um þau slæmu áhrif sem tónlistin gæti haft á hross í nágrenninu. Áætlað var að tónleikarnir færu fram á stærstu veðreiðabraut landsins sem tekur yfir 80 þúsund manns en skipuleggjendur höfðu áhyggjur af því að 300 hross sem hafa búsetu í bakhúsi við höllina myndu tryllast við lætin í gamlingjunum í Stones. Því hefur verið ákveðið að halda tónleikana í almenningsgarði í borginni þann 14. júlí næstkomandi.

Tónleikarnir eru hluti af Bigger Bang-tónleikaferð Stones um heiminn en þetta er í fyrsta sinn sem hljómsveitin kemur fram í Serbíu. Árið 2003 varð sveitin að hætta við tónleika vegna morðsins á þáverandi forsætisráðherra landsins, Zoran Djindjic, og á síðasta ári urðu rokkararnir að aflýsa áætluðum tónleikum vegna veikinda Keiths Richards.

Almennt er talið að þetta sé síðasta tónleikaferð The Rolling Stones um heiminn, enda þótt meðlimir sveitarinnar segist ekki vera á leiðinni að hætta. Af þessum sökum hefur verið mikill áhugi í Serbíu fyrir tónleikum Keith Richards og félaga.



**ROLLING STONES** Spila í Serbíu í fyrsta sinn í þessum mánuði.

# Dita strippaði fyrir fræga fólkið

Fatafellan Dita von Teese kom nýlega fram á einkasýningu fyrir fólk eins og Jasmine Guiness, Rosario Dawson, Henry Holland, Gareth Pugh og Steven Tyler. Hún er andlit nýs varalits frá MAC sem nefnist Viva Glam og á sýningunni dansaði hún upp á risastórum þriggja metra háum, dökkbleikum Viva Glam varalit.

Þegar hún mætti á sýninguna var hún afar glæsileg í skósíðum hátískukjól frá Christian Dior en á sviðinu klæddist hún glitrandi bleikum búningi. Einnig bar hún kúrekahátt og tvær byssur eins og alvöru strippari. Viðstaddir voru afar hrifnir af frammistöðu Ditu eftir sýninguna. „Var hún ekki dásamleg?!“ sagði fatahönnuðurinn Henry Holland æstur. „Ég var feginn að fá desert eftir sýninguna. Ég þurfti virkilega súkkulaðismáköku eftir þetta!“



**DITA VON TEESE** Hún dansaði á einkasýningu þar aðeins valdir einstaklingar fengu að mæta og sjá.


## Súpersól til Búlgaríu

**9. júlí frá kr. 29.995**

Terra Nova býður nú síðustu sætin til Golden Sands í Búlgaríu í júlí á ótrúlegum kjörum. Gríptu tækifærið og skelltu þér til þessa vinsæla sumarleyfisstaðar sem býður þín með frábæra strönd, einstakt loftslag, ótæmandi afþreyingarmöguleika, fjölbreytta veitingastaði og fjörugt næturlíf.





**Kr. 29.995**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn í hótelherbergi/ stúdíó/íbúð í viku. Súpersól tilboð, 9. júlí. Aukavika kr. 10.000 á mann.

**Kr. 39.990**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í viku. Súpersól tilboð, 9. júlí. Aukavika kr. 10.000 á mann.

Terra Nova PRIMERA GROUP
Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099
Hafnarfjörður sími: 510 9500


# Rokkabillí brimbrettagæjar

Brimbrettagæjar voru Alexander McQueen greinilega hugleiknir er hann hannaði nýjustu herralínu sína sem sýnd var í Mílanó á dögunum. Reyndar var innblásturinn í formi ljósmyndar frá 1961 af strák í svörtum jakkafötum á brimbretti. Útkoman var hrikalega töff blanda af rokkabillí og brettastíl. Einnig sáust keiluskór, peysur í sjóarastíl, skærir litir, hawai mynstur á jakkafötum, blautbúningar, hippalegar peysur og doppótt efni. Sýningin var haldin í risastórri sundlaug og voru síðustu fyrirsæturnar í rennblautum jakkafötum líkt og þeir hefðu dottið ofan í laugina. **- bör**



**BRIMBRETTI** Sumar fyrirsæturnar voru með bretti á bakinu eins og alvöru „surfarar.“



**ALEXANDER MCQUEEN** Strákarnir voru allir farðaðir líkt og þeir hefðu brunnið og borið síðan á sig olíumikla sólarvörn.



**HIPPALEGT** Lennon gleraugu og skræpótt peysa pössuðu furðuvel inn í línuna.



**SJÓARI** Prjónapeysa sem minnir mjög á snekkjustílinn eða „nautical style“.

**ROKKABILLÍ** Hárgreiðslan var í anda sjötta áratugarins.



**SUNDLAUG** Fyrirsæturnar spegluðust á skemmtilegan hátt í sundlaugarvatninu.



**SUMAR 2008** Sumarlína McQueen var sýnd í risastórri sundhöll.

SLENDERTONE System

*Tími til að líta vel út ...!*

# *Viltu stinnari líkama á aðeins 4 vikum ?*

*Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!*

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar.
4 vikna þjálfunaráætlun fylgir - fáðu stinnari og fallegri líkama á aðeins 4 vikum...




**Eitt stjórntæki** með hleðslubatterí, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System.



SLENDERTONE™
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-

KORTER.IS

Heildarlausnir fyrir konur til að móta allan líkamann...

*Pakki 1*
Slendertone belti - buxur
þjálfar rass og læri og kviðvöðva
kr. 29.925.-

*Pakki 2*
Slendertone belti - armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 26.970.-

*Pakki 3*
Slendertone buxur - armar
þjálfar rass og læri og upphandleggsvöðva
kr. 29.925.-

*Pakki 4*
Kynningarverð fyrir dömur
- alhliða pakki
Slendertone belti - buxur - armar
þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 35.985.-




**Eitt stjórntæki**
-með hleðslu - þú velur Slendertone sem hentar þér - Ekkert mál...!

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4.0 | kl. 5 - 8 - 10.45 | 14 |
| DIE HARD 4.0 LÚXUS | kl. 5 - 8 - 10.45 | |
| SHREK THE THIRD | kl. 3 - 5 - 7 - 9.10 - 11.10 | |
| SHREK HINN ÞRIÐJI (ÍSL TAL) | kl. 3 - 5 - 7 | |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 9 | 18 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.30 - 8.20 - 11 | 14 |
| PREMONITION | kl. 5.45 - 8 -10.15 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8.20 -10.30 | |
| THE HOAX | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 10.30 | 16 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.15 - 8 - 10.45 | 14 |
| PREMONITION | kl. 5.45 - 8 -10.15 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8 - 10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 8 - 10 | 18 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 | 14 |

SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| PREMONITION | kl. 8 - 10 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 | |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BLIND DATING | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 10 |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| SHREK 3 VIP | kl. 8 - 10:10 | |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 4 - 6 | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 6 - 8 - 10:30 | 7 |
| OCEAN´S 13 VIP | kl. 5:30 | |
| PIRATES 3 | kl. 5:30 - 9 | 10 |
| ZODIAC | kl. 9 | 16 |
| ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL DIGITAL | kl. 6:15 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL DIGITAL | kl. 8:15 - 10:20 | L |
| CODE NAME CLEANER | kl. 6 - 8 - 10:10 | 10 |
| OCEAN´S 13 DIGITAL | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| PIRATES 3 DIGITAL | kl. 5 | 10 |

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS ER STAÐSETTUR Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 6 - 8 | L |
| BLIND DATING | kl. 8 | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4 | kl. 8 - 10:30 | 14 |
| SHREK HINN ÞRIÐJI | kl. 8 | L |
| HOSTEL 2 | kl. 10 | 16 |

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 4.0 | kl. 4.30, 7.30 og 10-POWER | 14 |
| SHREK 3 enskt tal | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| SHREK 3 íslenskt tal | kl. 4, 6 og 8 | L |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 10 | L |

www.laugarasbio.is


# Stella mótmælir á netinu

Stella McCartney mun setja á svið fyrstu netmótmæli í heimi gegn pelsum þann 12. júlí næstkomandi. Þá hyggst hún mótmæla notkun á dýrafeldi í tískuheiminum en þetta gerir hún í samvinnu við PETA dýraverndunarsamtökin.

„Við erum alltaf að leita að nýjum aðferðum til þess að vekja athygli á þessu málefni og þeirri slæmu meðferð sem viðgengst á svokölluðum feld-býlum.

Við stukkum því á tækifærið þegar Stella kom með þessa hugmynd,“ sagði Ingrid Newkirk forseti PETA.

Þeir sem heimsækja síðuna munu eiga kost á að finna upp á slagorði í anda fyrri slagorða PETA og sigurvegarinn verður valinn af McCartney sjálfri,“ sagði Ingrid en í fyrstu verðlaun eru miðar á tískusýningu Stellu fyrir sumarið 2008 í París.

Slóðin á heimasíðuna er www.secondlife.com.



**STELLA MCCARTNEY** Henni er annt um dýrin og mótmælir illri meðferð á þeim í beinni útsendingu á netinu í júlí.

# Velgengnin mömmu að kenna

**Systkinin Smári og Fríða Dís Guðmundsbörn er fólkið á bakvið blúshljómsveitina Klassart, sem nýverið gaf út sína fyrstu plötu og á lag vikunnar á Tónlist.is.**



**SAMRÝMD SYSTKINI** Smári og Fríða Dísa hafa verið að fikta í tónlist frá unga aldri og gefa nú út sína fyrstu plötu. MYND/GÚNDI

Klassart var upphaflega dúett skipaður þeim systkinum en eftir að móðir þeirra sendi inn upptöku af laginu Bottle of Blues í Blúslagakeppni Rásar 2 á síðasta ári fór af stað snjóbolti sem segja má að sé enn að rúlla.

„Allt í einu heyrðum við af því að við værum komin í úrslit í einhverri blúslagakeppni og það var auðvitað allt mömmu að kenna. Við fyrirgáfum henni eftir að það varð ljóst að við unnum keppnina,“ segir Smári og hlær. Hluti af sigurlaununum var að koma fram á Blúshátíðinni á Ólafsfirði í fyrra og þar vöktu Klassart verðskuldaða athygli. Í kjölfarið gerðu þau systkin plötusamning við Geimstein og mun afraksturinn, platan Bottle of Blues, koma í verslanir í þessari viku.

„Við höfum lengi verið að koma fram saman á ýmsum klúbbakvöldum og skemmtunum og höfum safnað okkur upp það miklu efni að það var ekkert því til fyrirstöðu að gera plötu. Kiddi í Hjálmum og Baggalút stjórnaði upptökum og hann kom okkur í samband við frábæra tónlistarmenn sem eru nú með okkur í hljómsveitinni,“ segir Smári en níu lög eru á plötunni, öll eftir hann sjálfan.

Lagið Örlagablús hefur þegar fengið töluverða spilun á Rás 2 og þess má geta að það verður lag vikunnar á Tónlist.is frá og með næstu viku. - vig

# Jim Carrey drekkur stíft

Gamaleikarinn Jim Carrey ætlar að framleiða og leika aðalhlutverkið í gamanmyndinni Sober Buddies. Fjallar hún um drykkfelldan forstjóra tölvufyrirtækis sem er fyrir rétti dæmdur til að taka með sér félaga á ráðstefnu í Las Vegas sem á að halda honum frá Bakkusi. Þróast málin þannig að félaginn, sem er leikinn af Carrey, missir sjálfur fótana í drykkjunni og lendir í hinum ýmsu vandræðum.

Carrey hefur einnig tekið að sér aðalhlutverkið í myndinni I Love You Philip Morris, sem fjallar um kvæntan mann sem er dæmdur í fangelsi þar sem hann verður ástfanginn af klefafélaga sínum.



**JIM CARREY** Gamaleikarinn hefur tekið að sér aðalhlutverk í tveimur myndum.




## FRÉTTIR AF FÓLKI



Ákærur gegn paparazzi-ljósmyndara, sem var sakaður um að hafa reynt að koma hlerunarbúnaði fyrir á heimili **Nicole Kidman**, hafa verið felldar niður. Maðurinn var staðinn að verki fyrir utan heimili Kidman árið 2005 og ákærður í kjölfarð. Erfiðlega gekk að sanna verknaðinn á hann og því slapp hann með skrekkinn í þetta sinn.



Leikkonan og vandræðagemsinn **Lindsay Lohan** var með kókaín og tvöfalt leyfilegt magn af áfengi í blóði sínu þegar hún var handtekin eftir að hún klessukeyrði bíl sinn í síðasta mánuði. Lohan var ákærð í framhaldinu og fór hún skömmu síðar í meðferð. Lohan sést næst á hvíta tjaldinu í myndunum I Know Who Killed Me og Poor Things.



Metáhorf var á viðtal Larrys King við hótelerfingjann og tukthúsliminn **Paris Hilton** síðastliðinn miðvikudag, skömmu eftir að hún losnaði úr fangelsinu. Rúmlega 2,3 milljónir manna fylgdust með útsendingunni á sjónvarpsstöðinni CNN þar sem Paris sagði frá raunum sínum í steininum.



Söng- og leikkonan **Barbra Streisand** fékk á dögunum frönsk heiðursverðlaun. Sjálfur forseti Frakklands, Nicholas Sarkozy, afhenti henni verðlaunin, sem eru þau virtustu sem almennir borgarar geta fengið í landinu. Fyrir athöfnina hélt Streisand tónleika í París sem heppnuðust með eindæmum vel.

# Vilhjálmur aftur í fang Kate

**Vilhjálmur Bretaprins var kominn aftur í fang kærustu sinnar, Kate Middleton, aðeins fjórum dögum eftir að þau tilkynntu að þau væru hætt saman. Þau hafa haldið sambandi sínu leyndu síðan í apríl.**



**ÁSTFANGINN PRINS** Vilhjálmur Bretaprins er ástfanginn upp fyrir haus af Kate Middleton. Þau hafa leynt sambandi sínu síðustu þrjá mánuði. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Breska þjóðin stóð á öndinni í aprílmánuði þegar tilkynnt var að Vilhjálmur Bretaprins og unnusta hans, Kate Middleton, hefðu slitið samvistum. Talið hafði verið að þau myndu ganga í hjónaband og hún yrði því drottning landsins þegar Vilhjálmur erfir krúnuna. Nú hefur breska Heimsfréttablaðið greint frá því að samband þeirra Vilhjálms og Kate standi enn. Raunar liðu ekki nema fjórir dagar frá því þau hættu saman þar til þau voru komin aftur í fang hvors annars.



**VERÐANDI DROTTNING** Kate Middleton er stóra ástin í lífi Vilhjálms Bretaprins. Skilnaður þeirra í apríl entist ekki nema í fjóra daga.

„Þetta hefur verið heilmikið mál, að halda sambandinu leyndu og að skipuleggja leynilega ástarfundi þeirra," segir heimildarmaður blaðsins. „Vilhjálmur og Kate voru ósátt og þau hættu saman. Hins vegar liðu ekki nema nokkrir dagar þar til þau voru byrjuð saman aftur." Þar að auki töluðu þau mikið saman í síma fyrstu dagana eftir að þau hættu saman.

Ástæða þess að prinsinn og Kate hafa haldið sambandi sínu leyndu í þrjá mánuði er sú að þau vildu losna við þá pressu sem var á þeim. Mikið hafði verið rætt og ritað um að þau ætluðu að trúlofa sig. „Þau þoldu einfaldlega ekki pressuna. Svo hefði það líka verið hálf hallærislegt að byrja strax saman aftur eftir svo áberandi skilnað."

Á meðan breskir fjölmiðlar skrifuðu mikið um hinn nýja piparsveinalífsstíl Vilhjálms var hann í raun enn ástfanginn af Kate Middleton. Og það jafnvel meira en áður: „Þau eru yfir sig ástfangin, og mun hamingjusamari en þegar heimsbyggðin fylgdist með þeim. Ég held ekki að þau muni nokkurn tímann aftur íhuga að hætta saman."

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Lily Allen** var handtekin á fimmtudaginn fyrir að taka karatespark á ljósmyndara. „21 eins árs kona var færð á lögreglustöðina. Hún var handtekin vegna tengsla við árás og látin laus," sagði talsmaður lögreglunnar. Talið er að Lily hafi reynt að sparka í ljósmyndara og kýla annan fyrir utan skemmtistað í London. Annar ljósmyndaranna lagði fram kæru og sagði hana hafa gengið berserksgang.

**Michael Moore** hefur gert samning um að fá fimmtíu prósent af tekjum myndar sinnar, Sicko. Nái hún að hala inn jafnmiklu og Fahrenheit 9/11 á hann von á tugum milljóna dollara. „Þetta er mjög áhugaverð kaldhæðni að mínu mati," sagði Moore. „Það sem þetta ætti að gera er að minna mig á þá ábyrgð að gera eitthvað gott í þessari velgengni sem mér hefur hlotnast. Ég er heppinn að hafa algjört frelsi í því sem mig langar að gera og þannig get ég verið trúr sjálfum mér," sagði Moore ánægður.





**HNOÐ** Stelpurnar munu skemmta vegfarendum miðbæjarins í sumar með alls kyns uppákomum tengdum dansi.

# Dansarar hnoðast um bæinn

Danshópurinn Hnoð samanstendur af fjórum ungum stúlkum sem stunduðu allar nám í Listdansskóla Íslands. „Við erum aðallega að vekja athygli á dansi, leikum okkur mikið með spuna og vinnum út frá aðstæðunum. Þetta er svolítið í dansleikhússtíl," segir Ásrún Magnúsdóttir en hópurinn er hluti af Skapandi sumarstarfi Hins hússins.

„Við förum um allan bæ og nýtum okkur umhverfið. Til dæmis fórum við niður í bæ um daginn, klæddar í svart frá toppi til táar. Svo fundum við stað á Laugaveginum sem okkur fannst passa og dönsuðum líka niður allan Laugaveginn." Auk Ásrúnar eru þær Berglind Pétursdóttir, Rósa Ómarsdóttir og Védís Kjartansdóttir í danshópnum fima.

Á hverjum föstudegi er svokallað Föstudagsfiðrildi Hins hússins og þá eru allir hóparnir að bralla eitthvað sniðugt í miðbænum. „Í gær vorum við á Lækjartorgi með dans-innsetningu þar sem við dönsuðum okkar útgáfu af Svanavatninu," segir Ásrún en stelpurnar eru allar þjálfaðar bæði í nútímadansi og ballett þó svo að hópurinn einbeiti sér að nútímadansinum. „Það er margt framundan hjá okkur í sumar og til dæmis ætlum við að sýna í lok sumars í Hafnarhúsinu. Svo verðum við bara niðri í bæ að skemmta vegfarendum."

- bor



### > Boro ekki búið að bjóða í Grétar

Gareth Southgate, knattspyrnustjóri Middlesbrough, tjáði breskum fjölmiðlum í gær að Grétar Rafn Steinsson væri á meðal þeirra leikmanna sem hann væri að skoða þessa dagana. „Grétar er einn af leikmönnunum sem við erum að skoða en við höfum ekki gert tilboð í neinn þeirra enn sem komið er," sagði Southgate sem vantar hægri bakvörð í lið sitt, Boro ætlar ekki að fá Geremi aftur til félagsins sem var í láni hjá félaginu fyrir fimm árum og stóð sig mjög vel.




sport

sport@

KNATTSPYRNULIÐ KA: LEIKMENN LIÐSINS ERU BÚNIR AÐ TÝNA MARKASKÓNUM

# *KA hefur ekki skorað í 575 mínútur*



Það verður seint sagt að leikmenn KA hafi verið á skotskónum í sumar. KA-liðið hefur aðeins skorað tvö mörk í fyrstu átta umferðum 1. deildarinnar. Það sem er kannski enn verra er sú staðreynd að liðið hefur ekki skorað í síðustu sex leikjum liðsins. Síðasta mark KA skoraði Hjalti Már Hauksson gegn Njarðvík í leik sem fór fram þann 18. maí síðastliðinn en mörk KA komu í tveim fyrstu umferðum mótsins. Það eru liðnar 575 mínútur síðan Hjalti skoraði markið gegn Njarðvík.

Þetta slæma gengi liðsins varð til þess að Slobodan Milisic var rekinn á dögunum og við liðinu tóku Pétur Ólafsson og markvörðurinn Sandor Matus. Pétur segir að leikmenn verði búnir að reima á sig markaskóna fyrir kvöldið er KA tekur á móti Stjörnunni.

„Við skorum að minnsta kosti tvö mörk. Það er ekki spurning," sagði Pétur léttur. „Það hefur verið talsvert mótlæti, því er ekki að neita. Það jákvæða samt er að við fengum fullt að færum fyrir austan um daginn en menn eru ekki að klára færin."




Pétur segir að þrátt fyrir markaþurrðina sé ágætis sjálfstraust í liðinu og hann segir ekkert hæft í þeim sögusögnum að leikmenn séu hættir að skora á æfingum.

„Þetta er ekkert farið að leggjast á sálina á mönnum. Svo má ekki gleyma að það hafa verið meiðsli og við erum til að mynda að fá Ibra Jagne inn aftur. Ég hef ekki verið að gera neitt sérstakt enda er góð keyrsla á æfingum og í leikjum. Þetta hlýtur að fara að detta hjá okkur," sagði Pétur en staða KA er merkilega góð þrátt fyrir að hafa aðeins skorað tvö mörk. Liðið er með sex stig og í þriðja neðsta sæti deildarinnar.

„Það er búið að vera ákveðið mótlæti vegna meiðsla og svo höfum við verið ósáttir með dómgæsluna í nokkrum leikjum. Við þurfum að snúa þessu mótlæti við og þá kemur þetta. Vonandi núna strax gegn Stjörnunni," sagði Pétur að lokum.



**FRANK LAMPARD** Kannski á leið til Spánar eða Ítalíu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Frank Lampard:

## Hafnaði nýju risatilboði

**FÓTBOLTI** Frank Lampard hefur hafnað nýju risatilboði frá Chelsea sem hefði gert hann að launahæsta leikmanni félagsins með 121 þúsund pund í vikulaun eða rúmar 14 milljónir króna. Lampard á tvö ár eftir af núverandi samningi.

„Chelsea þurfti ekki að bjóða mér neitt og ég held bara áfram," sagði Lampard sem er sterklega orðaður við Barcelona og Juventus. - hbg

# Mér hlýnaði um hjartaræturnar

**Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari í handbolta, segir að sér þyki mjög vænt um þann stuðning sem hann hefur fengið frá þjóðinni en tæplega 13.500 manns hafa sett nafn sitt á undirskriftalista Vísis og þar með hvatt Alfreð til að halda áfram með landsliðið. Hann mun ekki taka neina ákvörðun fyrr en í lok júlí.**

**HANDBOLTI** Í gær höfðu tæplega 13.500 manns skorað á Alfreð Gíslason að halda áfram með landsliðið á undirskriftalista Vísis. Vilji þjóðarinnar er alveg skýr en hún vill að Alfreð haldi áfram að þjálfa strákana okkar og viðtökurnar við undirskriftalistanum hafa verið ótrúlegar.

„Ég get ekki neitað því að mér hlýnaði um hjartaræturnar þegar ég frétti af þessum undirskriftalista og hversu margir væru búnir að skrifa undir. Sonur minn lét mig reglulega vita af því," sagði Alfreð léttur en hann hefur verið í fríi síðan Serbarnir voru lagðir í Höllinni á þjóðhátíðardaginn.

„Þrátt fyrir listann og annað ætla ég að taka mér minn umhugsunartíma og ég geri ekkert ráð fyrir að gefa HSÍ svar fyrr en í lok júlí. Þá verður undirbúningur fyrir tímabilið með Gummersbach kominn á fullt og ég í betri stöðu til að meta hlutina," sagði Alfreð en engum dylst að hann hefur mikinn áhuga á að halda sínu góða starfi með landsliðið áfram. Alfreð veit aftur á móti ekki hvort hann geti sinnt starfinu eins vel og hann vill sökum tímaskorts og þjálfun landsliðsins gerir það einnig að verkum að hann er minna með fjölskyldunni en ella. HSÍ hefur gefið það út að Alfreð fái þann umhugsunartíma sem hann þurfi enda sé hann fyrsti kostur sambandsins.



**ENN UNDIR FELDINUM** Alfreð Gíslason liggur enn undir feldi og ætlar ekki undan honum fyrr en í lok mánaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Riðillinn á EM er alveg svakalega spennandi og erfiður. Þetta verða rosaleikir og það gegn liðum sem eru í sárum eftir okkur. Þau hyggja eflaust á hefndir. Slóvakarnir eru líka að koma upp með fínt lið og eru sýnd veiði en ekki gefin. Milliriðillinn er líka svakalegur. Þetta er alvöru mót," sagði Alfreð sem er væntanlega á leiðinni til Íslands með Gummersbach annað árið í röð en lið Alfreðs er í sama riðli og Valur nái Íslandsmeistararnir að slá út Viking Malt.

„Það verður alveg frábært að koma aftur með Gummersbach á klakann og ég er mjög ánægður með þennan drátt. Þetta er annars svakalegur riðill og líklegast sá sterkasti í Meistaradeildinni," sagði Alfreð Gíslason.

henry@frettabladid.is

Shell-mótið fór fram í veðurblíðu um helgina:

# Breiðablik meistari

**FÓTBOLTI** Hið rómaða Shell-mót fór fram í Vestmannaeyjum um helgina. Breiðablik varð meistari A-liða eftir æsispennandi úrslitaleik gegn ÍBV. Valur tók bronsið sem og vann innanhúsmótið ásamt ÍBV.

Stjarnan varð meistari B-liða, HK fékk silfur og KA brons. Blikar unnu líka í flokki C-liða en Þór vann í flokki D-liða. Þór og Stjarnan voru prúðustu liðin en Fjölnir og Valur fengu háttvísisverðlaun KSÍ.

Shell-mótsliðið árið 2007 er skipað eftirfarandi drengjum: Albert Guðmundsson (KR), Andri Þór Sólbergsson (Fram), Brynjar Orri Briem (HK), Gabríel Ingi Agnarsson (Þróttur), Grétar Snær Gunnarsson (Haukar), Gunnar Sigurðsson (Valur), Jökull Blængsson (Fjölnir), Pétur Steinn Þorsteinsson (Grótta), Richard Snæþór Sigurðsson (Selfoss), Vignir Jóhannsson (Þór), Viktor Karl Einarsson (Breiðablik). - hbg



**DÓMARINN BJARGAR MÁLUNUM** Dómarar á Shellmótinu þurfa að vera við öllu búnir og hér þarf að reima skóinn hjá einum leikmanni Stjörnunnar. Því var að sjálfsögðu bjargað af dómaranum. MYND/ÓSKAR PÉTUR FRIÐRIKSSON



**ÍVAR OG ÚRVALSLIÐIÐ** Á efri myndinni má sjá úrvalslið Shell-mótsins með landsliðsmanninum Ívari Ingimarssyni sem afhenti verðlaun og gaf áritanir.







**MATARTÍMI** Það þarf að metta marga svanga munna á Shell-mótinu. Til vinstri sést síðan einbeiting drengjanna í leik ÍBV og Breiðabliks. MYNDIR/ÓSKAR PÉTUR FRIÐRIKSSON



**MAFÍAN DUGLEG** Stuðningsmenn FH hafa verið duglegir að mæta á völlinn í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

8. umferðin afar vel sótt í Landsbankadeild karla:

# Mesta aðsókn á eina umferð í seinni tíð

**FÓTBOLTI** Í fyrsta sinn í langan tíma var átta þúsund manna múrinn rofinn nú í áttundu umferð Landsbankadeildarinnar. Gögn Fréttablaðsins ná aftur til 1985 og ekki á þeim tíma hefur ein og sama umferðin verið jafn vel sótt. 8368 manns komu á leikina fimm.

Það stefnir í að 100 þúsund manna múrinn verði einnig rofinn áður en mótinu lýkur en að því hefur lengi verið stefnt. Nú þegar hafa rúm 51 þúsund manns komið á völlinn og er mótið ekki hálfnað. Aldrei áður hefur það gerst að meira en 50 þúsund áhorfendur hafa sótt leiki efstu deildar karla svo snemma.

Ef núverandi meðaltal heldur sér út sumarið munu um 115 þúsund áhorfendur mæta á leiki Landsbankadeildar karla.

„Þetta eru auðvitað frábærar fréttir," sagði Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ. „Við fengum gott veður á þessum dögum og það hefur örugglega hjálpað til. Svo eru líka leikir í miðri viku betur sóttir en þeir um helgar," sagði Geir.

Hann bindur miklar vonir við að 100 þúsund manna múrinn verði rofin. „Það er auðvitað stefnan og þetta lítur ágætlega út í dag."

FH og KR hafa fengið langflesta áhorfendur á sína heimaleiki í sumar og þarf því ekki að koma á óvart að mest sótti leikur sumarsins til þessa var viðureign þessara liða. 2238 áhorfendur voru á þeim leik en meðalfjöldi áhorfenda á leikjum sumarsins til þessa er 1278.

Fram fær fæsta áhorfendur og er eina liðið ásamt HK í dag sem er með meðalaðsókn á heimaleiki sína undir þúsund áhorfendum. - esá

**MEST SÓTTU UMFERÐIRNAR**

**Frá 1985 til dagsins í dag.**

| Ár | Umferð nr. | Fjöldi áhorfenda |
|---|---|---|
| 2007 | 8 | 8.368 |
| 2006 | 1 | 7.914 |
| 2005 | 1 | 7.791 |
| 1998 | 18 | 7.593 |
| 2000 | 18 | 7.524 |
| 2007 | 4 | 7.426 |
| 1988 | 1 | 7.366 |
| 2001 | 15 | 7.316 |
| 2003 | 15 | 7.256 |
| 1996 | 18 | 7.220 |

Sky-fréttastofan segir að Fulham hafi keypt Diomansy Kamara frá WBA:

# Heiðar frá Fulham til WBA?

**FÓTBOLTI** Sky-fréttastofan greindi frá því í gær að Fulham hafi gengið frá kaupum á framherjanum Diomansy Kamara frá WBA fyrir 4 milljónir punda og að WBA fengi þar að auki einn leikmann frá Fulham.

Sá leikmaður er Heiðar Helguson en WBA staðfesti á heimasíðu sinni um helgina að félagið væri í viðræðum við Fulham og þar kom fram að Fulham hefði boðið félaginu að fá Heiðar og pening fyrir Kamara.

WBA hafnaði upprunalega tilboði Fulham en eftir að Fulham bauð Heiðar og pening fóru hjólin að snúast. Fréttirnar voru ekki staðfestar á heimasíðum félaganna í gær en Sky taldi sig hafa heimildir fyrir kaupunum og er talin áreiðanleg fréttastofa.

Það bendir því flest til þess að Heiðar leiki í ensku 1. deildinni næsta vetur en hann hefur að öllum líkindum lokaorðið í málinu þar sem hann er með samning við félagið. - hbg



**HEIÐAR HELGUSON** Á leið úr úrvalsdeild niður í 1. deild. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**KIMI RAIKKONEN** Svelgdist á kampavíninu í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Kimi Raikkonen vann góðan sigur í Frakklandi:

# Ferrari-liðið komið aftur í gang

**FORMÚLA 1** Ökuþórar Ferrari tóku völdin á Magny Cours-brautinni í Frakklandi í gær. Kimi Raikkonen kom fyrstur í mark og Felipe Massa annar en hann var á ráspól. Ferrari-strákarnir hægðu því aðeins á hinum sjóðheita Lewis Hamilton sem varð þriðji í gær. Hann hefur fjórtán stiga forystu í keppninni um heimsmeistaratitilinn en hann komst á verðlaunapall áttundu keppnina í röð í gær.

„Loksins gekk ræsingin vel hjá mér," sagði Finninn sem var að vinna sína elleftu keppni á ferlinum. „Ég reyndi að setja pressu á Felipe og ég náði að skjótast fram úr honum að lokum. Ég bjóst alltaf við erfiðum stundum á ferlinum og fólk er fljótt að gleyma manni þegar maður hættir að sigra keppnir. Það var ljúft að ná sigri hér í dag."

Lewis Hamilton hefur verið á mikilli siglingu á keppnistíðinni, vann síðustu tvær keppnir og varð annar í fjórum keppnum þar á undan.

„Ég byrjaði ekki vel. Ég veit ekki hvað gerðist en ég sá Kimi fljúga fram úr mér. Ég er samt nokkuð sáttur og á meðan við höldum stöðugleika er ekki yfir neinu að kvarta. Ég bíð spenntur eftir breska kappakstrinum," sagði Hamilton. - hbg

**FORMÚLA 1**

**Úrslit í franska kappakstrinum:**

| | |
|---|---|
| Kimi Raikkonen | Ferrari |
| Felipe Massa | Ferrari |
| Lewis Hamilton | McLaren |
| Robert Kubica | BMW Sauber |
| Nick Heidfeld | BMW Sauber |
| Giancarlo Fisichella | Renault |
| Fernando Alonso | McLaren |
| Jenson Button | Honda |
| Nico Rosberg | Williams-Toyota |
| Ralf Schumacher | Toyota |






**TILDA SWINTON**
Tilda kemur af aðalsætt og var faðir hennar höfuðsmaður í breska hernum. Tilda fór í sama heimavistarskóla og Díana prinsessa en eitt ár skilur þær að. Hún lauk gráðu í stjórnmálafræði við hinn fræga Cambridge-háskóla en fór svo í leiklist í Royal Shakespeare Company. Tilda er gift listamanninum John Byrne sem er 67 ára. Hún leikur í Young Adam á Stöð 2 Bíó kl. 20.00.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SVAVAR HÁVARÐSSON ÁTTI KOST Á BERUM BRJÓSTUM EN VALDI SNJÁLDURMÚS

## *Sir David og freistingar í blautum bolum*

Svo vildi til á laugardagskvöldið að ég var einn heima. Át blæðandi nautakjöt og drakk rauðvín með. Líter af ís var síðan baðaður í ávöxtum og súkkulaðisósu. Þá teygði ég mig í sjónvarpsfjarstýringuna. Fágætt frjálsræðið og útþaninn kviðurinn sendi vellíðunarstauma um líkamann. Á könnunarleiðangri mínum um fjölvarpið var tvennt sem vakti áhuga minn. Fræðileg úttekt á sjónvarpsstöðinni E! um hvaða sólarströnd í heiminum geymir lausgirtasta kvenfólkið og hins vegar þáttur um snjáldurmýs í barrskógum Evrasíu á Animal Planet.

Nú hefði maður haldið að einveran og frjálsræðið sem því fylgir hefðu haft úrslitaáhrif á val mitt. Það er gaman að horfa á berbrjósta konur en nærvera kærustunnar dregur mikið úr skemmtanagildinu. Öðruvísi fór þó en á horfðist.

Þátturinn um snjáldurmýsnar var í umsjá Sir Davids Attenborough. Þessi geðþekki náttúrufræðingur er slíkur yfirburðamaður að umfjöllun hans um skordýraætu á stærð við þumalfingur vann hug minn allan.



Ég komst að því að þumalsnjáldran (Sorex minutissmus, hvíslaði David með slíkri áherslu að ég gleymi því kannski aldrei) en hún er með allra minnstu núlifandi spendýrum. Hún verður aldrei lengri en 5 sentimetrar og hún er aðeins örfá grömm að þyngd. Helstu líkamseinkenni snjáldra eru frammjótt trýni með mörgum veiðihárum, óvenju lítil og vanþróuð augu og eyru sem ná vart fram úr feldinum. Hins vegar er þreifi- og þefskyn snjáldra óvenju næmt. Þegar ég hafði drukkið í mig allar þessar upplýsingar í leiðsögn gamla mannsins varð mér hugsað til úttektarinnar um stelpurnar á hinni stöðinni. Ætli sé eitthvað að mér, hugsaði ég.

Líkur sækir líkan heim og kannski er það ástæðan fyrir því að ég valdi að horfa á David og mýsnar. David er kominn af léttasta skeiði og fengitíminn hjá skordýraætum stendur stutt yfir. Allt rann þetta saman í óþægilega heitum brennipunkti. Aldur minn og áhugi á náttúrufræði umfram blautbolakeppnir.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.15** **Lífsháski** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.35** **Saved** STÖÐ 2



▶ **16.00** **Ocean's Twelve** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.25** **True Hollywood Stories** SIRKUS



▶ **20.30** **How Clean is Your House?** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Myndasafnið**

**18.01 Gurra Grís**

**18.06 Lítil prinsessa**

**18.16 Halli og risaeðlufatan**

**18.30 Vinkonur** (41:52)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.05 Arfur feðranna** (The Ghost In Your Genes) Bresk heimildamynd um rannsóknir sem sýna að útlitseinkenni fólks ráðast ekki eingöngu af arfberunum sem skila sér á milli kynslóða, heldur einnig af lífsmáta og mataræði forfeðra okkar og formæðra.

**21.00 Lífsstílssjúkdómar** (4:5) Stuttir þættir um heilsufarsvandamál sem steðja að mannkyninu. Í þessum þætti er fjallað um streitu. Dagskrárgerð: Jón Þór Víglundsson. Framleiðandi: Vertigo ehf.

▶**21.15 Lífsháski** Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Anna Pihl** (3:10) Dönsk þáttaröð um erilsamt starf lögreglukonunnar Önnu Pihl á Bellahoj-stöðinni í Kaupmannahöfn. Leikstjóri er Carsten Myllerup og meðal leikenda eru Charlotte Munck, Iben Hjejle, Paw Henriksen, Kurt Ravn og Peter Mygind. Nánari upplýsingar um þáttaröðina er að finna á vefslóðinni http://annapihl.tv2.dk/.

**23.10 Út og suður** (5:16) e.

**23.40 Kastljós**

**00.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:45 Young Adam**

**08:20 Foyle's War 2**

**10:00 Ocean's Twelve**

**12:05 Six Days, Seven Nights**

**14:00 Foyle's War 2**

▶**16:00 Ocean's Twelve**

**18:05 Six Days, Seven Nights**

**20:00 Young Adam** Sérlega áhrifamikil og myrk sakamálasaga með Ewan McGregor, sem hlotið hefur mikið lof gagnrýnenda. Bönnuð börnum.

**22:00 21 Grams**

**00:00 Hard Cash**

**02:00 Narc**

**04:00 21 Grams**

## STÖÐ 2

**07:00 Barnatími Stöðvar 2** Ofurhundurinn, Myrkfælnu draugarnir, Villingarnir, Myrkfælnu draugarnir

**08:05 Oprah**

**08:50 Í fínu formi 2005**

**09:05 Bold and the Beautiful**

**09:30 Forboðin fegurð** (81:114)

**10:15 Grey's Anatomy** (4:25)

**11:00 Fresh Prince of Bel Air** (2:24)

**11:25 Sjálfstætt fólk**

**12:00 Hádegisfréttir**

**12:45 Nágrannar**

**13:10 Sisters** (17:24)

**13:55 Extreme Makeover** (6:23)

**14:40 Staff From Hell**

**15:25 Punk'd** (5:16)

**15:50 Barnatími Stöðvar 2** (e)

**17:28 Bold and the Beautiful**

**17:53 Nágrannar**

**18:18 Ísland í dag og veður**

**18:30 Fréttir**

**18:55 Ísland í dag, íþróttir og veð**

**19:40 The Simpsons** (16:22)

**20:05 Men In Trees** (3:17)

**20:50 Pirate Master** (5:14)

▶**21:35 Saved** (6:13)

**22:20 Tales From The Crypt: Demon Knight** Litrík hrollvekja sem gerð er eftir samnefndum teiknimyndasögum og sjónvarpsþáttum. Sálnaveiðar eru stundaðar grimmt á strætum borgarinnar. Skuggalegt par þræðir húsasundin í leit að glötuðum sálum sem hafa orðið undir í lífinu eða eiga hreinlega ekki skilið að halda áfram göngu sinni um táradalinn. Aðalhlutverk: Billy Zane, William Sadler. 1995. Stranglega bönnuð börnum.

**23:50 Rome** (9:10) Spennandi þáttaröð sem segir sögu Rómaveldis á átakanlegan og spennuþrunginn hátt. Nú eru komið að annarri þáttaröð þessarar dýrustu og flottustu sjónvarpsþáttaraðar sem gerð hefur verið en ekkert hefur verið til sparað við að gera hana sem áhrifamesta. Stranglega bönnuð börnum.

**00:55 Las Vegas** (10:17)

**01:40 The Last Minute**

**03:20 Afterlife** (4:8)

**04:10 Saved** (6:13)

**04:55 The Simpsons** (16:22)

**05:15 Fréttir og Ísland í dag**

**06:25 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SIRKUS TV

**18:00 Insider**

**18:30 Fréttir**

**19:00 Ísland í dag**

**19:35 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.

**20:00 Jake In Progress 2** (1:8) Önnur þáttaröðin af þessum grínþáttum um ungan og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York. Þegar fræga fólkið rennur á rassinn mætir Jake Phillips á svæðið og reddar málunum. Vandamálin eru bæði stór og smá en Jake er alltaf til staðar, boðinn og búinn að lappa upp á ímynd viðskiptavinanna. Mitt í amstri dagsins gleymir hann hinsvegar að hugsa um sjálfan sig en hann er hreint ekki barnanna bestur þegar kemur að einkalífinu.

▶**20:25 True Hollywood Stories** (1:8) Frábærir verðlaunaþættir þar sem fjallað er um helstu stjörnur Bandaríkjanna og ýmislegt er grafið upp sem almenningur hefur aldrei heyrt um. True Hollywood Stories fer í innsta hring stjarnanna.

**21:15 Hooking Up** (4:5) Raunveruleikaþáttur þar sem fylgst er með 11 konum í New York borg. Konurnar fara á nokkur stefnumót með mönnum sem þær hafa kynnst í gegnum internetið. Fá áhorfendur að fylgjast með stefnumótunum og sjá hvort að einhver kvennanna finni draumaprinsinn sinn.

**22:00 Cold Case** (22:24) Lily Rush er rannsóknarmaður hjá lögreglunni í Fíladelfíu sem rannsakar gömul mál sem aldrei hafa verið leyst og þarf að beita kænsku og klókindum við lausn þeirra. (22:24) Lily rannsakar tveggja ára gamalt morð þar sem fórnalambið var í tengslum við rússnesku mafíuna. Bönnuð börnum.

**22:45 Joan of Arcadia** (12:22) (e)

**23:30 Entertainment Tonight** (e)

**23:55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18:15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.

**16:45** og **17:45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07:35 Everybody Loves Raymond** (e)

**08:00 Rachael Ray** (e)

**08:45 Vörutorg**

**09:45 Óstöðvandi tónlist**

**15:25 Vörutorg**

**16:25 How Clean is Your House?** (e)

**16:55 All of Us** (e)

**17:25 Robin Hood** (e)

**18:15 Rachael Ray**

**19:00 Everybody Loves Raymond** (e)

**19:30 Malcolm in the Middle** (e)

**20:00 Queer Eye** Tískulöggurnar heimsækja par sem kynntist á Netinu og varð yfir sig ástfangið. Nú vilja turtildúfurnar gifta sig en eiga erfitt með að sameina fjölskyldurnar. Hinir fimm fræknu aðstoða parið við að stinga af til Las Vegas þar sem þau ætla að láta pússa sig saman með pompi og prakt.

▶**21:00 Runaway** (3:13) Bandarísk spennusería um fjölskylduföður á flótta með fjölskyldu sína eftir að hann er ranglega sakaður um morð. Paul telur sig vera búinn að finna lykilinn að morðgátunni og heldur til Washington í leit að sönnunargögnum. Lily grunar að Hannah sé byrjuð að lifa kynlífi og Henry er næstum búinn að koma upp um leyndarmál fjölskyldunnar.

**22:00 Law & Order - NÝTT** Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Rússnesk fyrirsæta finnst látin og málið tengist lækni og læknadópi.

**22:50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur. Foreldrar Amy fá loks að hitta Barone-fjölskylduna. Þeir koma óvænt heim til dóttur sinnar á sunnudagsmorgni. Þeir vilja fá Amy til að hætta við að giftast Robert og ætla að taka hana heim með sér.

**23:15 Tabloid wars - NÝTT** Áhugaverð heimildaþáttaröð þar sem áhorfendur fá að kynnast lífi starfsmanna á slúðurblaðinu New York Daily News. Þar gengur á ýmsu og það er mikil pressa á blaðamönnum og ljósmyndurum að ná í heitustu fréttirnar. Í hverjum þætti er fylgst með 4 til 5 starfsmönnum blaðsins í kapphlaupi við tímann og í bullandi samkeppni við önnur blöð um bitastæðustu fréttirnar. Þetta er fólkið sem er í eldlínunni alla daga að fjalla um glæpi, spillingu og líf fína og fræga fólksins.

**00:05 Nora Roberts Collection - Angels Fall** (e)

**01:35 The L Word** (e)

**02:25 Vörutorg**

**03:25 Óstöðvandi tónlist**


WOLF Garten
Handsláttuvélar

Bumbubaninn víðfrægi
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

HOZELOCK
fyrir garðinn
Garðslöngur
Slöngutengi
Veltiúðarar
Úðabrúsar

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

Homelite
Vélorf
Vélorf með rafmagns- eða bensínmótor

Tilvalin fyrir heimilið og sumarbústaðinn
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

Homelite
Greinakurlarar

2200 W öflugur mótor. Max 40 mm greinar
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

Homelite
Laufsugur

Fáanlegar með bensínmótor eða rafmótor.
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05
### Men in Trees

Glæný, rómantísk þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki. Í þætti kvöldsins er Marin fengin til þess að stjórna árlegu piparsveinauppboði bæjarins. Er hún rétta manneskjan til að selja kynsystrum sínum einhleypa karlmenn?



### ▶ Við mælum með
### ARFUR FEÐRANNA
**Sjónvarpið kl. 20.05**

Bresk heimildamynd um rannsóknir sem sýna að útlitseinkenni fólks ráðast ekki eingöngu af arfberunum sem skila sér á milli kynslóða, heldur einnig af lífsmáta og mataræði forfeðra okkar og formæðra. Hér er skoðaður hinn huldi heimur arfberanna, arfurinn sem er falinn í hverri einustu frumu mannslíkamans.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Rokkað í Vittula
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Krossgötur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Laufskálinn
**19.40** Sumarsaga barnanna: Borgin við sundið
**20.00** Sumarsalat
**21.00** Framtíð lýðræðis
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar
**23.10** Úlfaldar og mýflugur
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**13.25 PGA Tour 2007 Bein útsending** (Buick Open) Útsending frá lokadegi á opna Buick mótinu á PGA mótaröðinni.

**16.25 Copa America 2007** (Brasilía - Chile) Útsending frá leik Brasilíu og Chile í Suður-Ameríku bikarnum í knattspyrnu.

**18.05 Copa America 2007** (Mexíkó - Ekvador) Útsending frá leik Mexíkó og Ekvador í Suður-Ameríku bikarnum í knattspyrnu.

**19.45 Wimbledon 2006 - Official Film**

**20.40 Sænsku nördarnir**

**21.30 KF Nörd** (14:15) Í þessum næstsíðasta þætti um Nördana verður fylgst með þeim í undirbúningi sínum fyrir leikinn stóra gegn Íslandsmeisturum FH. Jafnframt verður litið yfir farinn veg og Nördarnir fá vísindalegar niðurstöður varðandi bætt líkamsástand sitt.

**22.20 Copa America 2007** (Bandaríkin - Paragvæ) Útsending frá leik Bandaríkjanna og Paragvæ í Suður-Ameríku bikarnum í knattspyrnu.

**00.35 Copa America 2007** (Argentína - Colombía)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** SommerSummarum **7.35** Yu-Gi-Oh! **10.30** Vagn på vejen **11.05** Ud i det blå **11.35** Søren Ryge direkte **12.05** Dawsons Creek **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Hjerteflimmer Classic **13.30** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Peter Pedal **15.55** Gurli Gris **16.00** Når ulvene hyler solen ned **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Miss Marple **18.00** Lille menneske **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret på DR1 **19.45** Katastrofen lurer **21.15** Seinfeld **21.40** Dinas Dates **22.10** Generation Sex **5.30** Home things **5.35** Anton **5.40** Byggemand Bob **5.50** Tagkammerater **6.00** SommerSummarum

## NRK 1

**6.30** Jukeboks: Du skal høre mye **7.30** Jukeboks: Jazz **8.30** Oppgangen **9.00** Da varehuset kom til byen **10.00** Siste nytt **10.05** Med hjartet på rette staden **10.50** Creature Comforts: hvordan har vi det? **11.00** Siste nytt 1**1.05** Grønn glede **11.30** Viten om **12.00** Siste nytt **12.05** Norge rundt **12.30** Det store bryllupet **13.00** Siste nytt **13.05** Kar for sin kilt **14.00** Siste nytt **14.03** Lyoko **14.25** Sinbads fantastiske reiser **14.50** Creature Comforts: hvordan har vi det? **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mikkes klubbhus **16.25** Sauer **16.40** Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen **17.30** Eit vanleg liv **18.25** Faktor: Minnenes reise **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Vinbaronen **20.20** Drømmen om Katie Melua på havets bunn **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hva skjedde med Emily? **22.25** Den siste gudfaren **5.30** Sport Jukeboks

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Tintin **7.45** Blue Water High **10.00** Rapport **10.05** Sportspegeln **12.25** Kan doktorn komma? **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Melita möter **15.30** Expedition: Familjeliv **16.00** Charlie och Lola **16.10** Storasyster och lillebror **16.15** Räkna med skägg **16.30** Hej hej sommar **16.31** Tintin **17.00** Blue Water High **17.30** Rapport **18.00** Sommartorpet **18.30** Packat & klart sommar **19.00** Mördare okänd **20.45** Bergen - Kirkenes t/r **21.15** Rapport **21.25** Vita huset **22.10** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige




**LÖGIN VIÐ VINNUNA**



*„Ég er með antíkbúð þannig að mér finnst allt gamalt alveg æðislegt. Ef ég set eitthvað á hlusta ég á gamla danstónlist eins og ragtime, swing og big band-tónlist.“*

Ester, verslunarkona í Ömmu Ruth.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** gáski **6.** pot **8.** erlendis **9.** bein **11.** stöðug hreyfing **12.** ávöxtur **14.** ota **16.** núna **17.** niður **18.** fugl **20.** guð **21.** afli.

**LÓÐRÉTT**
**1.** áræða **3.** óreiða **4.** stæltur **5.** hópur **7.** duttlungar **10.** fley **13.** fljótfærni **15.** einkenni **16.** bjargbrún **19.** ónefndur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ærsl, **6.** ot, **8.** úti, **9.** rif, **11.** ið, **12.** akarn, 14. trana, **16.** nú, **17.** suð, **18.** örn, **20.** ra, **21.** fang.
**LÓÐRÉTT: 1.** þora, **3.** rú, **4.** stinnur, **5.** lið, **7.** tiktúra, **10.** far, **13.** ras, **15.** aðal, **16.** nöf, **19.** nn.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á síðu 8

1 Glasgow
2 Aldís Pálsdóttir
3 Viborg

Nördaleikur á heimsvísu
Ísland-Svíþjóð
föstudaginn 6. júlí kl. 20
Velkomin á Landsmót
- frábær fjölskylduhátíð fyrir alla
http://landsmot.kopavogur.is
LANDSMÓT UMFÍ
KÓPAVOGI 5.–8. JÚLÍ

vísir
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

# Örvar með framhaldssögu um fótbolta



**ÖRVAR** Örvar hefur samið framhaldssöguna Kempur í knattspyrnu fyrir Rafskinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Tónlistarmaðurinn Örvar Þóreyjarson Smárason úr hljómsveitinni Múm hefur samið framhaldssöguna Kempur í knattspyrnu. Gerist hún í Vestur-Þýskalandi á sjötta áratugnum og fjallar um hinn drykkfellda fótboltakappa, Ottmar Oberfüss. Inga Birgisdóttir, systir Jónsa úr Sigur Rós, myndskreytir söguna.

Örvar, sem er Valsari, segist vera mikill knattspyrnuáhugamaður og hafi því ákveðið að láta söguna sína gerast í knattspyrnuheiminum til að skemmta sjálfum sér. „Ég er búinn að ganga með það dálítið lengi í maganum að gera framhaldssögu og er með aðra í smíðum sem heitir Svíadrykkjan. Ég hef svo gaman af því að láta fólk bíða,“ segir Örvar, sem hefur áður gefið út ljóðabók og stutta skáldsöguna Úfinn strokinn. „Ég er búinn að skoða nokkrar fótboltabækur upp á síðkastið til að vinna undirbúningsvinnuna. Ein heitir Tómas miðframherji. Það er skemmtileg barnabók um knattspyrnu sem ég mæli með.“

Auk fótboltasögunnar og Svíadrykkjunnar langar Örvar að gefa út myndskreytt framhaldssögublað sem vonandi lítur dagsins ljós á komandi misserum.

Fyrsti hlutinn af fjórum um Kempur í knattspyrnu verður í DVD-tímaritinu Rafskinnu sem kom út í fyrsta sinn um helgina. **- fb**



**MAGNÚS** Áheyrnarprufurnar stóðu yfir í heilan dag og kenndi þar margra grasa, meðal annars var fjögurra ára strákur sem vildi leika Sportacus.

MAGNÚS SCHEVING: Á ÁHEYRNARPRUFUM FYRIR LATABÆ Í LONDON

# Hefði ekki fengið hlutverk í Latabæjarsýningunni sjálfur

„Þetta var ótrúlega ánægjulegt og eiginlega bara algjör snilld,“ segir Magnús Scheving en hann var viðstaddur áheyrnarprufur á miðvikudag fyrir Latabæjar-leiksýningu sem setja á upp í London í febrúar á næsta ári. Mikill fjöldi áhugamanna og leikara reyndi fyrir sér í hlutverkum hinna góðkunnu persóna Latabæjar í Criterion-leikhúsinu á West End og sagði Magnús að það væri eiginlega búið að ráða í öll hlutverk nema sjálfan Íþróttaálfinn eða Sportacus eins og hann heitir uppá ensku.

Magnús segir að fjöldi karlmanna hafi reynt sig við hlutverkið og að sá yngsti hafi verið fjögurra ára gamall strákur. „Hann var alveg ótrúlega lunkinn og ég stóð í höndum með honum frammi fyrir framan alla,“ segir Magnús en eins og gefur að skilja var hann full lágvaxinn fyrir hlutverkið. Sá elsti var hins vegar fjörutíu og tveggja ára og honum tókst ekki betur til en svo að hann fékk „nei“ eftir aðeins þrjár mínútur. „Þegar hann byrjaði að syngja þá varð flestum ljóst að þetta var ekki rétti maðurinn,“ segir Magnús en meðal áhugasamra voru meðal annars blaðamenn frá The Independent og Times.

Magnús reiknaði með að ráðið yrði í hlutverkið í þessari viku en segir jafnframt að hann hefði sjálfur ekki hreppt hlutverkið þótt það hefði verið fyrir tíu árum. „Þú mátt ekki vera of vöðvastæltur, þarft þó að geta hreyft þig og geta gert æfingar sem enginn annar getur. Samfara þessu verður þú að geta sungið, leikið og talað við börnin,“ segir Magnús sem telur sig ekki búa yfir tvennu af þessu en vildi ekki gefa upp hvað það væri. „Það ætti hins vegar að liggja í augum uppi.“ Og til að bæta gráu ofan svart fyrir þann leikara sem hreppir hnossið þá þarf hann að vera klæddur í hálfgerðan skíðagalla en búningur Íþróttaálfsins er síður en svo sviðsvænn enda heitur og loftþéttur. „Og leikarinn má hvorki svitna né blása úr nös enda getur Íþróttaálfurinn ekki verið lafmóður.“

Latabæjarsýningin hefur að undanförnu verið að taka Suður-Ameríku með trompi. Var nýlega frumsýnd í Argentínu fyrir fullu húsi og þar er uppselt á allar sýningar. Á næstunni verður hún síðan sett upp í Mexíkó, Chile og Brasilíu. „Það var aðeins auðveldara að finna fólk í hlutverkin þar heldur en í Bretlandi enda eru Bretar síður en svo þekktir á sviði fimleika og liðleika, ólíkt þeim í suðrinu.“

**freyrgigja@frettabladid.is**

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

**Þórunn Lárusdóttir** hefur verið fengin til að setjast í stól Ellýjar í Q4U þegar tökur hefjast á Celebrity X-Factor. Mikil leynd hvílir yfir því hverjir taka þátt en í Bretlandi hefur það verið hefð að fallinn smástirni sitji um þátttökusæti í þeirri von að þættirnir blási nýju lífi í ferillinn. Ef marka má þær viðtökur sem sólóskífur margra Idol-stjarna hafa fengið má því allt eins reikna með því að einhverjir þeirra reyni við hæfileikaþáttinn á nýjan leik.



Og vefur Mannlífs hefur farið mikinn að undanförnu og þeir félagar á blaðinu eru duglegir við að fylgja eftir stóru viðtölunum úr blöðum útgáfufélagsins Birtíngs. Þannig er greint frá því að **Ellý Ármansdóttir** hyggist hamra járnið á meðan það er heitt og ætli sér að lesa sögurnar sínar sem birst hafa á netinu þannig að blindir geti einnig notið frásagna af erótískum ævintýrum vinkvenna þulunnar. Þeir sem hafa hlustað á fréttir Sjónvarpsins í útvarpinu ættu því að geta hlakkað til því þar hefur hljómþýðrödd Ellýjar ósjaldan hljómað undir ræðum erlendra stórmenna.



Umferðin og þá ekki síst hraðakstur hefur verið mikið í umfjöllun síðustu daga og nú hafa **Einar Magnús Magnússon** og félagar hjá Umferðarstofu gripið til nýtískulegri aðgerða í von um að ná augum og eyrum unga fólksins. Nýjasta auglýsingin er nefnilega teiknuð af bresku fyrirtæki og þykir minna einna helst á tölvuleikjagrafík. Fyrirtækið I Love Dust sá um teikningarnar en það hefur unnið fyrir risa á borð við Nike, Lucas Arts og Levi´s.



# Sýking í sjávardýragarðinum á Ísafirði

„Fiskarnir fengu sýkingu í augun og þess vegna þurfti ég að tæma búrið,“ segir Lísbet Harðardóttir, sjávardýragarðsstjóri á Ísafirði. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skömmu opnaði Lísbet lítinn sjávardýragarð, sem var í raun eitt 1.800 lítra fiskabúr, utandyra í Neðsta kaupstað á Ísafirði. Sjávardýragarðurinn vakti mikla lukku en nú stendur hann tómur.

„Vinnukarlarnir í bænum slitu í sundur streng sem lá í búrið og það varð eitthvað vesen í kringum það. Svo fengu fiskarnir sýkingu í augað svo ég varð að sleppa þeim í sjóinn,“ útskýrir Lísbet. „Ég ætlaði að fá penisilín handa fiskunum en strákurinn sem ætlaði að redda því var í sumarfríi og því fór sem fór.“

Lísbet hefur þó ekki lagt árar í bát þótt ákveðnir byrjunarörðugleikar hafi látið á sér kræla við opnun sjávardýragarðsins. „Nú er gott fólk gengið í málið sem ætlar að hjálpa mér að koma þessu aftur af stað. Það er kannski eins gott að hafa fengið svona mikla hjálp frá þessu góða fólki því stundum veit ég ekki hvernig ég á að bera mig að í þessu,“ segir Lísbet Harðardóttir, sjávardýragarðsstjóri á Ísafirði. **- kh**



**LÍSBET HARÐARDÓTTIR** Hún þurfti að kveðja fiskana í sjávardýragarðinum þegar þeir fengu sýkingu í auga en stefnir að því að opna garðinn á ný. MYND/SMÁRI KARLSSON

# STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR

## OLYMPUS

## ALVÖRU VÉL MEÐ SLR SKIPTILINSUM

10 MEGA PIXEL

E410KIT  E-SYSTEM

Mjög nett og létt D-SLR vél **Digital SLR MYNDAVÉL** með 10 milljóna punkta upplausn, skiptanleg Digital linsa, 2,5" LCD skjá, Supersonic Wave Filter sem eyðir ryki úr myndum, þremur manual stillingum, sjö myndstærðum, 21 programme Modes, tímarofa og USB 2.0 tengingu. Notar CompactFlash og xD kort.

**VERÐ 69.990**

FRÁBÆRT VERÐ

**FÆST EINNIG MEÐ AUKALINSU Á KR. 79.990**

LIVE VIEW

Dust Reduction System




RYKFRÍAR LINSUR

## EINFÖLD STAFRÆN VÉL
### FÍN FYRIR BYRJENDUR




7.1 MEGA PIXEL — Tekur xD kort

OLYMPUS FE120

Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljóna punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital, 6.5 - 19.5mm, 2,5" LCD skjá, hreyfimyndatöku, 3 myndstærðum, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB tengingu og 19 Mb minni. Tekur xD kort.

**VERÐ 14.990**

FRÁBÆRT VERÐ

## GÓÐ VÉL MEÐ HRISTIVÖRN
### FYRIR FJÖLSKYLDUNA




FRÁBÆR VIÐ ÖLL BIRTUSKILYRÐI

7.1 MEGA PIXEL — TVÖFÖLD HRISTIVÖRN

OLYMPUS MJU760SIL

Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljóna punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 5x Digital, 6.5 - 19.5mm, 2,5" LCD skjá, Dual Image Stabilization hristivörn, hreyfimyndatöku með hljóði, 8 myndstærðum, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB tengingu og 18 Mb minni. Tekur xD kort.

**VERÐ 26.990**

FRÁBÆRT VERÐ

## FYRIR ÚTIVISTINA OG FRÍIÐ
### MÁ NOTA Á KAFI Í VATNI




7.1 MEGA PIXEL — FÆST Í ÞREMUR LITUM

OLYMPUS MJU770

Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljónir punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom, Linsa: 6.7 - 20.1mm (35mm samb.: 38 - 114mm), 2,5" LCD Skjár (230.000 pixlar), Frábær við öll birtuskilyrði, hreyfimyndataka með hljóði, USB tengingu, 18MB innbyggðu minni og tekur xD kort. Er vatnsheld að 10m dýpi, höggheld upp í 1.5m hæð, þolir þrýsting að 100kg, þolir allt að -10°C frost.

**VERÐ 38.990**

FRÁBÆRT VERÐ

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5305, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LYFJA · Lífið heil
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi
Opið 8-24 alla daga



BAKÞANKAR
ÞRÁINS BERTELSSONAR

## Íslendingar í útlöndum

Marmaris heitir lítið sjávarpláss í Tyrklandi. Þetta er útgerðarbær og lifir á ferðamönnum en ekki fiskveiðum. Tiltölulega stutt er síðan Íslendingar fóru að venja komur sínar til Marmaris að njóta góðrar aðhlynningar í sumarleyfinu. Öldum saman hafði þá verið lítill samgangur milli Tyrklands og Íslands.

**Á FYRRI TÍÐ** var þó töluvert um ferðir íslenskra pilta til Tyrklands sem þá hét raunar Býsantíum eða Austrómverska keisaradæmið. Strákum frá Íslandi þótti spennandi að komast í lífvörð keisarans í og kallast „væringjar“ en keisaranum þótti að sama skapi hyggilegt að ráða utansveitarmenn til að gæta sín, rétt eins og páfanum í Róm þykir enn í dag vissara að hafa einvörðungu Svisslendinga í lífverði sínum.

**HVAÐ SEM FYRRI** samskiptum þjóðanna líður eru Íslendingar aufúsugestir í Marmaris og má ekki á milli sjá hvorum aðilanum líkar betur við hinn, Íslendingum við Tyrki eða Tyrkjum við Íslendinga. Íslendingar hér ljúka upp einum munni um að Tyrkir séu upp til hópa öndvegisfólk, vinalegir, hjálpfúsir, hreinlátir og notalegir.

**AÐ SJÁLFSÖGÐU ER** afstaða Tyrkja til Íslendinga að einhverju leyti mótuð af því að ferðamenn eru hið nauðsynlega hráefni sem þarf til að hægt sé að stunda ferðamannaiðnað. Þannig að þær tilfinningar sem tyrkneskir ferðabændur bera til ferðamanna eru vitanlega jákvæðar svipað og íslenskum bændum þykir yfirleitt vænt um búsmala sinn. En hráefni í öllum iðngreinum getur verið misjafnt. Almennt séð virðist ákaflega gott orð fara af Íslendingum hérna í Marmaris. Tyrkneskur ferðamálafrömuður gaf þeim þá einkunn að þeir væru fyrsta flokks ferðamenn, kurteisir, vinsamlegir, hljóðlátir og þakklátir.

**ALDREI ÁÐUR** hef ég búið erlendis á hóteli þar sem Íslendingar eru í meirihluta en hérna á hinu indæla Forum-íbúðahóteli í Marmaris eru nær allir gestirnir íslenskir. Og það er örugglega leitun að öðru eins fyrirmyndarfólki. Hér í eina tíð fór það orð af Íslendingum á sólarströndum að þeir reyndu ævinlega að innbyrða nóg af ódýru áfengi til að koma út í gróða við heimkomuna og væru erfiðir viðureignar. Það virðist vera liðin tíð og ef það góða samkomulag, hjálpsemi og greiðvikni sem hér ríkir meðal Íslendinga er vísbending um hvert þjóðin stefnir í framtíðinni verður þess skammt að bíða að allt Ísland verði orðið að einu kærleiksheimili.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

ENNEMM / SÍA / NM28486

SANN LEIKUR!
Nissan Pathfinder Adventure er fullbúinn bíll*

* Nissan Pathfinder ADVENTURE SE
- 33" breyting
- Sérsmíðaðar álfelgur
- 7 manna
- Sjálfskipting
- 174 hestafla díselvél
- 3000 kg dráttargeta
- Cruise control
- Dráttarbeisli
- 6 diska CD spilari
- Húddhlíf
- Vindskeið
- Litað gler
- Regnskynjari
- Þokuljós

4.950.000 kr.




NISSAN
Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 / Sími 525 8000 / www.ih.is / Opið: Mán frá kl. 10 - 18 og þri til fös frá kl. 9 - 18.